



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

22. janúar 2009
3. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar

www.kaffiedinborg.is



Viðfangsefni presta fjölbreytt- ari úti á landi

– segir sr. Agnes M. Sigurðardóttir,
sóknarprestur í Bolungarvík og
prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustæði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskóla 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi



Sólborg, stærsti leikskóli Ísafjarðarbæjar.

Biðlisti eftir leikskólaplássi með lengra móti í Ísafjarðarbæ

Biðlisti eftir leikskólaplássi í Ísafjarðarbæ er orðinn með lengra móti en vonast er til að öll 18 mánaða börn og eldri komist inn á leikskóla í vor. Samkvæmt upplýsingum frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu er 21 barn á biðlista sem er orðið eins árs auk

þess sem um 15 börn verða eins árs á fyrri hluta þessa árs. „Við miðum við að öll 18 mánaða börn og eldri komist inn á vorin, og ætti það að ganga upp í vor, þegar við förum að taka ný börn inn. Þó er árgangurinn sem er að ljúka leikskólagöngu sinni mjög

fámennur, en ég á samt ekki von á öðru en að það takist“, segir Sigurlína Jónasdóttir, leikskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Allir leikskólar sveitarfélagsins eru fullmannaðir. „Við höfum í gegnum tíðina haft mjög stöðugan og góðan starfsmannahóp í

leikskólum Ísafjarðarbæjar“, segir Sigurlína. Undanfarin ár hefur verið mikil þörf fyrir dagforeldra en lengi vel var aðeins ein dagamma var starfandi í sveitarfélaginu en nú er öldin önnur. „Við erum við með tvær dagmómmur og sú þriðja er að

bætast í hópinn, sem er mjög gott, þar sem að mikil þörf er núna fyrir dagmæður“, segir Sigurlína.

Í Ísafjarðarbæ eru sex leikskólar, Sólborg og Eyrarskjól á Ísafirði, Bakkaskjól í Hnífsdal, Tjarnarbær á Suðureyri, Laufás á Pingeyri og Græningarður á Flateyri.

Haukur í horni: Ætli þeir setji ljósin á í hraðflutningum?



Fjórir nýir lögreglumenn til Ísafjarar. „Forkastanleg framkoma.“

Vitar varðveittir

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020 er gert ráð fyrir að vitar sveitarfélagsins verði varðveittir sem menningarminjar auk hlutverks þeirra sem öryggistæki. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að útliti og ásýnd vitanna ásamt nánasta umhverfi þeirra verði verndað. Hins vegar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir breyttri notkun, svo sem íbúðum eða ferðaþjónustu ef fyrri notleggjast af. „Vitar eru samofnir sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir gegna enn í dag öryggishlutverki en einnig eru þeir aðdráttarafl ferðamanna enda sérstæð mannvirki á myndrænum stöðum“, segir í drögum að aðalskipulaginu.

Alls eru átta vitar í sveitarfélaginu, reknir af Siglingastofnun Íslands. Vitarnir eru byggðir á árunum 1919-1964. Þeir eru: Arnarnesviti frá árinu 1921, Svalvogaviti (1920), Galtarviti en byggingarár hans voru 1920/1959. Æðeyjarviti (1944). Sléttu-eyrarviti (1945). Straumnesviti frá 1919. Hornbjargsviti frá 1930 og Sauðnesviti við Súgandafjörð (1964).

Erlendir ríkisborgarar 8,5% íbúa Ísafjarðarbæjar

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ er um 8,5% sem er heldur meira en landsmeðaltalið sem er innan við 7%. Dregið hefur þó saman með fjölda erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ og á landsvísi að því er fram kemur í

drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nú er unnið að. Kynjahlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ hefur aukist síðustu ár og munar þar mest um fjölda erlendra karla sem nú er orðinn en meiri fjöldi kvenna.

Meira en helmingur þeirra sem eru með erlent ríkisfang í Ísafjarðarbæ koma frá Póllandi en aðrir fjölmennir hópar eru frá Tailandi, Filippseyjum og Þýskalandi. Margir erlendir ríkisborgarar hafa sótt í að vinna við

fiskvinnslu. Breytingar í greininni, m.a. kvótaniðurskurður, eru líkleg til að hafa áhrif á fjölda erlendra ríkisborgara að því er fram kemur í aðalskipulagsdrögum.

– *thelma@bb.is*



Bryndís Elsa Guðjónsdóttir söng lagið Fairytale með Sara Barellies. Mynd: Anton Eðvarð Kristensen.

Bryndís Elsa sigraði í söngkeppni GÍ

Bryndís Elsa Guðjónsdóttir hreppi fyrsta sætið í undankeppni Söngkeppni Samfés í Grunnskólanum á Ísafirði á föstudag. Níu atriði kepptu um rétt til þátttöku í Vestfjarðakeppninni sem haldin

verður 30. janúar. Bryndís Elsa, sem söng sig inn í hug og hjörtu dómnefndarinnar og áhorfendanna með laginu Fairytale sem Sara Barellies gerði frægt, var einmitt fulltrúi Vestfjarða í Söng-

keppni Samfés í fyrra. Í öðru sæti varð Benjamín Bent Arnason og í þriðja sæti Agnes Ósk Marzellfusardóttir. Þessir þrír þátttakendur taka þátt fyrir hönd félagsmiðstöðva Ísafjarð-

arbæjar í Vestfjarðakeppninni. Í dómnefnd voru þau Rúna Esradóttir, Halldór Smáráson og Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar. – *thelma@bb.is*

58 íbúðir seldar á fimm árum

Fasteignir Ísafjarðarbæjar hafa selt 58 íbúðir á síðastliðnum fimm árum og er markmiðið að fækka þeim enn frekar að sögn Gísla Jóns Hjaltasonar, framkvæmdastjóra Fasteigna Ísafjarðarbæjar. Auk þessa hefur félagið fargað tuttugu íbúðum sem voru á snjóflóðahættusvæði að Árvöllum í Hnífsdal. Gísli Jón segir nokkuð gott jafnvægi á framboði og eftirspurnum eftir leigubúðum en enn séu nokkrir á biðlista eftir íbúðum. „Það er í rauninni búið að vera þannig í heilt ár og ekki mikil breyting á,“ segir Gísli Jón. Hann segir Fasteignir Ísafjarðarbæjar vera með 94 íbúðir á Ísafirði, 16 á Suðureyri, tvær á Flateyri og 14 á Þingeyri.

Aðspurður hvort fyrirspurnir eftir íbúðum hafa aukist segir Gísli Jón það aðallega hafa verið s.l. haust. „Við höfum fundið fyrir fyrirspurnum að sunnan. Í haust komu nokkrar slíkar en það hefur ekki reynt svo mikið meira á þær. Væntanlega þegar fólk missir vinnu hefur það farið að kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni en það þarf þá að finna vinnu hér til að sjá ástæðu í að flytja,“ segir Gísli Jón.

– *birgir@bb.is*

Varnarbúnaður 66 kV lína endurnýjaður

Landsnet vinnur nú að endurbótum sem auka munu gæði raforkuafhendingar á Vestfjörðum og hefur 1. áfanga verksins verið hrint í framkvæmd með endurnýjun varnarbúnaðar 66 kV lína í fjórðungnum. En eins og kunnugt er hefur áreiðanleiki raforkuflutningskerfisins á Vestfjörðum verið lægri en annars staðar í

flutningskerfi Landsnets. Allar línur Landsnets á Vestfjörðum eru nú með sérstakar fjarvarnir í báðum endum sem leysa línurnar út komi upp bilun á þeim. Hinn nýi varnarbúnaður er mjög fullkominn og frá honum gengið þannig að bilanir eru leystar út á mun styttri tíma en áður sem eykur verulega líkur á að virkjan-

ir falli ekki út eins og áður var með því umfangsmikla straumleysi sem því er samfara. Einnig gefur búnaðurinn upp hvar bilun er staðsett og mun það auðvelda bilanaleit og þar með stytta þann tíma sem línur eru úti.

Með tilkomu þessa búnaðar er nú hægt að reka hringtenginguna milli Breiðadals, Ísafjarðar og

Bolungarvíkur lokaða, sem sagt með allar þrjár línur inni, en það hefur hingað til ekki verið gert. Komi nú upp bilun á einni þessara lína, slær sú lína út en hinar haldast áfram inni og þar með einnig Ísafjörður og Bolungarvík. Hér hefur því verið stigið stórt skref til að auka afhendingaröryggi rafmagns á Ísafirði og í Bolungar-

vík. Landsnet er með frekari aðgerðir í undirbúningi varðandi undirtíðni- og undirspennuvarnir með það að markmiði að bæta afhendingaröryggi raforku til notenda á Vestfjörðum í samstarfi við Orkubú Vestfjarða.

Frá þessu er sagt á vef Landsnets.

– *thelma@bb.is*

Gert ráð fyrir aukinni og fjölbreyttri ferðaþjónustu

Stefnt er að því að í Ísafjarðarbæ þróist sjálfbær ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. „Náttúra og saga Ísafjarðarbæjar er auðlind sem mun draga að sér mun fleiri ferðamenn og er jafnvel gert ráð fyrir að hér verði meiri aukning en að meðaltali á landinu. Litið hefur verið á ferðaþjónustu sem mikilvægan þátt í framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum og aukningu efnahagvaxtar. Hafa verður þó í huga að greinin byggir á þeim gæðum

náttúru og samfélags sem til staðar eru og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á náttúru, samfélag og innviði þess“, segir í drögum að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020 sem kynnt verður fyrir íbúum og hagsmunaaðilum í mánuðinum.

Í greinargerð með drögnum er bent á að ósnortnum svæðum í heiminum fer fækkandi og fyrir vikið verða slík svæði verðmætari. „Hætta er á að atvinnuvegir sem spilla náttúru svæðisins geti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Auka þarf skilning og þekkingu íbúa og ferðamanna á náttúru og samfélagi og stuðla þannig að sjálfbærni. Af þessu má sjá að er að marka skýra stefnu um ferðaþjónustu í aðalskipulaginu. Svæði þola mismikið álag ferðamanna m.t.t. náttúrufars og viðhorfa ferðamanna sjálfrá og íbúa svæðisins. Mikilvægt er að aðalskipulagið sé góður grunnur fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu, að það styðji við greinina til langs tíma lítið.“

Ferðamenn í heiminum í dag sækja í aukum mæli í lítt spilla náttúru sem verður sífellt sjaldgæfari. Jafnframt leitast þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum.

Íslendingar ferðast í meira mæli en áður um eigið land og hafa gönguferðir um náttúruna notið aukinna vinsælda. Samkvæmt könnun á viðhorfum og hegðun ferðamanna á norðanverðum Vestfjörðum frá árinu 2003 er falleg náttúra helsta ástæða fyrir komu erlendra ferðamanna til Vestfjarða. Innlendir og erlendir ferðamenn töldu náttúrufegurðina það jákvæðasta við norðanverða Vestfirði, m.a. útsýni, fuglalíf og annað dýralíf. Ferðamennirnir sækja í gönguferðir í þéttbýli og utan þéttbýlis, fuglaskoðun, en einnig í söfn, sýningar, sund og aðra þjónustu.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Umhverfið mun laða að sér ferðamenn, nýja íbúa, námsmenn en eykur einnig lífsgæði núverandi íbúa. Æskilegt er að auka möguleika á afþreyingu á svæðinu en það hefur sömuleiðis áhrif á íbúa sveitarfélagsins. Mikilvægt er að efla samvinnu og tengslanet ferða-

þjónustuaðila til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu, m.a. við skipulagningu atburða sem geta haft jákvæð áhrif á mynd svæðisins. Nýta á tækifæri sem felast í notkun gamalla bygginga, báta og svæða sem laða ferðamenn og heimamenn að. Staðþekking er dýrmæt og nýta má hana betur t.d. í ferðaþjónustu með áherslu á staðþekkingu leiðsögumanna.

Reyna á að lengja ferðamannatímamann og byggja á enn frekar upp ferðir sérsniðnar að vetrinum og upplifunum á náttúru, menningu og mannlífi tengdu þessari árstíð. Akjósanlegt og hagkvæmt getur verið að hafa samvinnu milli landssvæða við þróun á vöru og þjónustuframboði. Nýta á komur skemmtiferðaskipa markvisst með góðu aðgengi og markaðssetningu á þeirri afþreyingu sem stendur farþegum skipanna til boða í landi. Skoða þarf þó snemma hvaða áhrif stóruaukinn fjöldi getur haft á samfélagið og náttúru svæðisins.

– thelma@bb.is

Lífshlaupið byrjar 4. febrúar!

Ísland á iði Hreyfa sig!

Samstarfsaðilar: AUKSTA-BILLINN, ÍSÍ, HEILINGDAGARNEYTIÐ, MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ, LÝÐHEILSUSTÓÐ, SKYRIR, VISA, SÍMVA.

Lífshlaupið Þín heilsa – þín skemmtun



Stoltir foreldrar með drenginn sinn.

Fyrsta barn ársins á Ísafirði

Fyrsta barn ársins er komið í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði en það er drengur sem fæddist 14. janúar. Stoltir foreldrar þiltsins eru Hálfán Bjarki Hálfánsson og Dóra Hlín Gísladóttir á Ísafirði og er hann fyrsta barn þeirra. Drengurinn vó 4125 grömm við fæðingu og var 53 cm á lengd. Móður og barni heilsast vel. Ljósmóðir var Brynja Pála Helgadóttir.

Ekki er von á að árið verði jafn frjósamt á Vestfjörðum og á síðasta ári þegar 73 börn litu dagsins ljós á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði en ekki hafa verið fleiri fæðingar á FSÍ í tíu ár. Að sögn ljósmóður á FSÍ eru fæðingar skráðar fram að sumri og miðað við þær þarf seinni hluti ársins að vera frekar öflugur til að ná sama fjölda fæðinga og árið 2008.

– thelma@bb.is

Þorraveisla úr kjötborði

Gildir dagana 22. - 25. janúar

Höldum í gömlu, góðu hefðirnar!

Súrsaðir hrútspungar
2.024 kr/kg
Verð áður 2.698 kr/kg

Sviðasulta ný
1.394 kr/kg
Verð áður 1.859 kr/kg

Grísaulta ný
892 kr/kg
Verð áður 1.189 kr/kg

Sviðasulta súr
1.649 kr/kg
Verð áður 2.198 kr/kg

Grísaasulta súr
974 kr/kg
Verð áður 1.299 kr/kg

Súrir lundabaggar
1.019 kr/kg
Verð áður 1.359 kr/kg

Lífrarpylsa og blóðmör, súr
974 kr/kg
Verð áður 1.298 kr/kg

Súrar bringukollur
914 kr/kg
Verð áður 1.219 kr/kg

25% afsláttur

33% afsláttur

Ferskar kjúklingabringur
1.993 kr/kg
Verð áður 2.975 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður
Njaróvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Spurningin

Er í lagi að fyrirtæki misnoti atvinnuleysisbætur?

Alls svöruðu 671.
Já sögðu 28 eða 4%
Nei sögðu 643 eða 96%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Ákveðin norðaustanátt, 10-15 m/s og eljagangur eða slydda. Hiti nálægt frostmarki. **Horfur á laugardag:** Ákveðin norðaustanátt, 10-15 m/s og eljagangur eða slydda. Hiti nálægt frostmarki. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðaustanátt með eljum og vægu frosti.

Fréttablaðið
21. desember 2004
Hetjur sem hætta lífi sínu

(Blair lýsti því yfir að þeir íröskku embættismenn sem ynnu að undirbúningi kosninganna þann 30. janúar 2005 væru hetjur sem stofnuðu lífi sínu í hættu á hverjum degi í þágu lýðræðis)

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasólverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Á Hlíf á Ísafirði eru 72 íbúðir ætlaðar öldruðum.

Uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði verði hraðað

Í drögum að nýju aðalskipulagi í Ísafjarðarbæ er lögð áhersla á að uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði verði hraðað eins og kostur er og úrræði á Þingeyri og Flateyri verði í samræmi við þarfar eldri borgara. Gert er ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili risi í nálægð við Fjórðungssjúkrahúsið. Þar er nægt rými og möguleikar fyrir frekari stækkanir stofnana sem og útivistarsvæða í tengslum við þær. „Mikilvægt er að eldri borgarar í sveitarfélaginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfar og þeir hafi per-

sónulegt svigrúm og einkalíf ævina á enda. Heimþjónusta er mikilvægur þáttur í úrræðum eldri borgara en þar skipta öruggar samgöngur verulegu máli. Lögð er áhersla á að húsnæði heilsugæslu og sjúkrahúss verði ávallt í samræmi við þarfar starfsmennar, einstaklinga og starfsmanna“, segir í greinargerð með aðalskipulagsdrögum.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rekur á Ísafirði fjórðungssjúkrahús sem veitir almenna bráða- og sjúkrahúsnæði og heilsugæslustöðina sem veitir almenna

heilsugæsluþjónustu. Auk þess er heilsugæsla á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Heilsugæslurnar á Þingeyri og Suðureyri eru í hentugu húsnæði en hún er í eldra húsnæði á Flateyri.

Hlíf I og II á Ísafirði er þjónustustofnun fyrir aldraða. Þar eru 72 leigu- og eignaríbúðir, auk ýmiskonar þjónustu fyrir aldraða. Dvalar- og hjúkrunarheimili Tjörn er starfrækt á Þingeyri er með rými fyrir 12 íbúa í herbergjum og íbúðum. Hjúkrunarheimilið Sólborg er starfrækt á Flateyri með rými fyrir átta íbúa. Aldraðir

sem þurfa mikla aðhlyningu er dvelja á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins en skortur er á rýmum á hjúkrunarheimilum. Samkvæmt umsögn þjónustuhóps aldraðra sem starfar á vegum bæjarstjórnar eru 37 einstaklingar í brýnni þörf fyrir að dvelja á hjúkrunarheimili.

Í sveitarfélaginu eru 450 manns yfir 67 ára aldri eða 11,3% af heildarmannfjölda. Hlutfall eldri borgara hefur farið hækkanandi og er líklegt að svo verði áfram að því er fram kemur í greinargerðinni. — thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Ábyrgðin er okkar allra

Gömlu sannindin að styrkleiki keðjunnar er aldrei meiri en veikasti hlekkurinn, minna daglega á sig, þótt okkur hætti til að loka augnum fyrir þeim sakir anna í leit að markmiðum, sem gleymst hefur að skilgreina þörfina fyrir.

Jón Páll Hreinsson, formaður Héraðssambands Vestfirðinga og Tónlistarfélags Ísafjarðar, reit fyrir skömmu grein á bb.is. sem hann kallaði Dæmisögu úr miðbæ Ísafjarðar; grein sem rétt er að hvetja til lesturs á en þó umfram allt, þá er það gera, að tileinka sér boðskapinn.

Í upphafi greinarinnar segir Jón Páll: „Miðbærinn á Ísafirði er flottur og einna stoltastur er ég þegar erlendir gestir segja mér frá upplifun sinni af Ísafirði. Þeir segja að það komi þeim á óvart hversu mikill heimsborgarblær er á þessu litla þorpi. „Surprisingly cosmopolitan“ segja sumir.“ Þótt í því kunni að leynast sjálfsánægja skal hiklaust sagt að þetta mat útlendra kemur ekki á óvart. Í ljósi þessara jákvæðu ummæla verður enn grátlegra að lesa miðkafla greinar Jóns Páls þar sem hann fjallar um umgengi okkar sjálfra í miðbænum; nokkuð sem ekki verður ráðin bót á nema við litum öll í eigin barm; nokkuð sem verður að uppræta.

Greinarhöfundur spyr hvað læra megi af sögunni sem hann segir um ástandið í miðbænum. „Fyrir utan það að góðverk borga sig,“ segir hann, „þá fékk þetta mig til að hugsa um mína eigin ábyrgð í samfélaginu. Nú eru erfiðir tímar eins og allir þekkja og óvissa um

framtíðina. Óvissan getur dregið úr okkur kraft. Við þurfum að halda í kraftinn sem í okkur býr og nú sem aldrei fyrr þurfum við að virka saman sem samfélag. Í því felast litlir hlutir eins og að henda ekki rusli á götuna og líka tína það upp fyrir þá sem gleyma sér. Taka til í garðinum og fyrir framan húsið. Hann felst líka í að mæta á menningarviðburði, taka þátt í íþróttaviðburðum með börnunum okkar og hvetja þau til dáða. Umfram allt, þarf hver og einn að líta í eigin barm og hugsa með sér „hvað hef ég fram að færa?“ Því það er einu sinni þannig að allir hafa eitthvað fram að færa til samfélagsins, hversu lítið það kann að vera.“ Og Jón Páll lýkur grein sinni með eftirfarandi orðum: „Krafturinn sem býr í samfélaginu og fær erlenda gesti til að upplifa Ísafjörð sem „surprisingly cosmopolitan“ og heimamenn til að vilja mest af öllu halda áfram að búa á þessu harðbýla skeri má ekki þverra. Það er á ábyrgð hvers og eins að halda í hann.“

Sagan um föðurinn sem með einföldum hætti sýndi sonum sínum fram á að spýtnaknippið gætu þeir ekki brotið, þótt hver og ein stök grein þess mætti sín lítils, er þörf upprifjun á þeim tímum sem nú fara í hönd.

Kraftinn sem felst í samheldninni verður að virkja. Að það takist er á ábyrgð hvers og eins okkar.

Að það takist er okkar helsta von.

s.h.



Á fyrstu vaktinni í nýju starfi

Þrír nýútskrifaðir lögreglumenn hafa nú hafið störf hjá lögreglunni á Ísafirði og hafði einn til viðbótar bæst í hópinn í nóvember. Allar stöður lögreglumanna á Vestfjörðum eru því mannaðar menntuðum lögreglumönnum. Einn þessara nýju svartstakka er Kolbrún Björg Jónsdóttir sem hafði aldrei áður komið Ísafjarðar. Eins og alþjóð veit er starfið krefjandi en á lögregluvefnum segir að lögreglumenn gegni störfum sínum með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttsýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og þekkingu. Eins og gefur að skilja er það vandasamt verk og eins og Kolbrún orðar það sjálf getur allt gert í þessu starfi. Bæjarins besta kíkta á Kolbrúna á fyrstu vaktinni

hennar á Ísafirði.

– Hvaðan ertu og hvað kom til að þú gekkst í lið lögreglunnar á Ísafirði?

„Ég er frá Akureyri og hef aldrei áður komið til Vestfjarða. Ég var að biða eftir vinnu í Reykjavík og það var hvergi vinnu að hafa svo ég ákvað að slá til, koma til Ísafjarðar og prófa eitthvað nýtt. Hér er ég reyndar í tímabundinni vinnu og veit ekki hversu lengi ég fæ vinnu.“

– Hvað er það við lögreglustarfið sem heillaði þig?

„Ég hef ætlað að verða lögga frá því að ég var pinulítill, það hefur alltaf verið draumastarfið. Ætli það sé ekki spennan sem heillar en maður veit aldrei hvert næsta verkefni er. Maður kynnist mörgu, bæði slæmu og góðu, og það er mjög gefandi að láta gott

af sér leiða og geta hjálpað fólki sem á í vandræðum.“

– Kolbrún útskrifaðist úr Lögregluskólanum 12. desember en það þarf að fylgja stífu prógrammi til þess að útskrifast sem lögreglumaður.

„Það eru mjög stífar æfingar og við látin læra mjög mikið. Námið skiptist í bóklegt, verklegt, og síðan er mikil líkamsþjálfun. Þetta reynir mjög mikið á mann líkamlega en við þurfum að standast hlaupapróf, ýmis þrekpróf og alls kyns önnur bókleg próf á fyrri önninni. Síðan tekur verið verknám í áttu mánuði og svo tekur seinni önnin við. Á henni er bóklegt nám, mikil líkamsþjálfun og mikið af verklegum æfingum. Það eru sett upp margs konar verkefni fyrir okkur sem við þurfum síðan að

leysa, einsömul eða fleiri saman. Námið sem tekur allt tæplega 1 ½ ár miðar allt að því að undirbúa okkur sem best fyrir þau verkefni sem við síðan þurfum að leysa þegar í raunveruleikann er komið.“

– Kolbrún var nú ekki ókunnug lögreglustarfinu áður en hún fór í skólann.

„Ég byrjaði í löggunni á Akureyri í júní 2007 og fór svo um haustið í Lögregluskólann. Í janúar 2008 fór ég í starfsnám og var fjóra mánuði í Reykjavík og aðra fjóra á Akureyri. Að því loknu var svo fjögurra mánaða keyrsla aftur í skólann. Skólanum lauk 12. desember og síðan þá hef ég verið að leita mér að vinnu.“

– Hvernig leggst það í þig að vera komin til Ísafjarðar?

„Mér list mjög vel á þennan bæ og vinnufélagarnir eru alveg frábærir. Við erum þrjú að byrja núna, ég og tveir aðrir strákar sem útskrifuðust með mér úr Lögregluskólanum. Fólkið í bænum er mjög vingjarnlegt og hér er mjög fallett. Mér var strax boðið að koma á æfingar með blakliðinu, Skellur, en ég spila með Þrótti í fyrstu deildinni í Reykjavík.“

– Eru isfirsku blakarnir ekki ánægðir með að fá svona reynda manneskju í liðið?

„Það á eftir að koma í ljós en ég verð að reyna að standa mig. Fyrsta æfingin er á eftir“, segir Kolbrún og hlær. Blaðamaður kveður þennan glaðlega og vingjarnlega lögreglumann og leyfir honum að halda áfram með störf sín.

Samdráttur í fiskafla

Afli landaður á Vestfjörðum dróst saman á síðasta ári miðað við árið 2007. Á tímabilinu janúar til desember var 16.838 tonn landað af þorski í vestfirskum höfnum í fyrra miðað við 18.063 árið og nemur samdrátturinn því 9%.

Einnig dregst ýsuaflinn lítilllega saman en hann var 12.201 tonn á síðasta ári en var 12.755 tonn árið 2007. Mesti þorskaflinn Vestfirðinga kom á land í Bolungarvík eða 4.749 tonn en því næst kom Ísafjörður með 3.711 tonn. Sömu sögu er að segja af ýsuaflanum en þar voru Bolvíkingar með 2.930 tonn en Ísfirðingar 2.470 tonn.

Úlfar ehf., bauð lægst

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gengið verði til samninga við Úlfar ehf., um lóðarfrágang við dvalarheimilið Tjörn á Þingeyri, með þeim fyrirvara að staðfesting á hlut heilbrigðisráðuneytis í verkinu berist. Úlfar ehf., bauð lægst í verkið en fjögur tilboð bárust. Tilboð Úlfars hljóðaði upp á 10,7 milljónir króna eða 64,3% af kostnaðaráætlun.

Einnig bauð Brautin sf., 15,3 milljónir króna, Gröfubjónusta Bjarna bauð 13,5 milljónir og Sigmundur F. Þórðarson bauð 12,4 milljónir. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 16,6 milljónir króna. Heilbrigðiseftirlitið áformar að leggja 10 milljónir til verksins og er gert ráð fyrir að þeir fjármunir komi fljótlega.

47 gjaldprotabeiðnir

Gjaldprotabeiðnir til Héraðsdóms Vestfjarða á síðasta ári voru 47 og fjölgaði um þrettán frá árinu 2007. Á tímabilinu september til desember í fyrra voru gjaldprotabeiðnir til Héraðsdómsins 14 en voru 15 á sama tímabili árið 2007.

Á fyrstu níu mánuðum síðasta árs voru gjaldprotabeiðnir 33 á móti 22 árið 2007. Gjaldprotabeiðnir hafa ekki borist til héraðsdómsins á nýju ári.

Heimir Már Pétursson er einna þekktastur sem fjölmiðlamaður og stjórnmálafræðingur en einnig hefur hann vakið athygli sem framkvæmdastjóri hinnar sívinsælu hátíðar Hinsegin dagar þar sem fagnað er fjölbreytileika mannkynsins. Í nóvember gaf hann út sitt fimmta ljóðasafn og það er því ljóst að Heimir á sér margar hliðar.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að koma út úr skápnun.

Hvar langar þig helst að búa?

Í Sóltúni á Ísafirði.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar mamma sagði mér að ég væri himneskur

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Þegar Lennon var myrtur.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Ástin.

Uppáhaldslagið?

Ó Jesú bróðir besti.

Uppáhaldskvikmyndin?

Margar, en Guðföðurs-myndirnar koma upp í hugann.

Uppáhaldsbókin?

Vefarinn mikli frá Kasmír, Brekkukotsannáll og Hundrað ára einsemd.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Þau eru mörg, en ég get ekki gleymt Þjóðhátíðinni 1974 í Vatnsfirði og bíltúrnum sem henni fylgdi.

Uppáhaldsborgin?

New York.

Besta gjöfin?

Ástin.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já og hellingur af því.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Tækja sem spila tónlist.

Fyrsta starfið?

Sendill hjá Póst og Síma á Ísafirði þegar ég var 12 ára.

Draumastarfið?

Að vera Guð.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Marilyn Monroe

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ísafjarðarkaupstaður klukkan fimm að morgni sunnudags.

Sköndnasta upplifun þín?

Þegar ég varð ástfanginn í fyrsta skipti.

Aðaláhugamálið?

Fólk.

Besta vefsíðan að þínu mati?

WhoIsDead.com.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Heilaskurðlæknir eða flugmaður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Frekja.

En helsti löstur?

Hógværð.

Besta farartækið?

Ísland ehf.

Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?



Inn að beini

Heimir Már Pétursson, skáld og fréttamaður

Gamlársdagur – svo frábært að hafa náð einu ári í viðbót.

Til hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Mömmu og John Lennon.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Hamar.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Klukkan korter í fimm að morgni.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Nautinu.


Lífsmottóið þitt?

666.

Æsku myndin

„Myndin er tekin við íbúðarhúsið í Ögri. Þ.e. íbúðarhúsið sem pabbi og mamma hafa búið í síðan þau tóku við búskap í Ögri árið 1967. Íbúðarhúsið var fram að því uppi við kirkjuna (það hús er byggt 1894). Á þeim tíma (1967) var það orðið lélegt en hefur nú verið gert upp og þjónar starfsfólki Landsbanka Íslands. Á myndinni er ég ásamt Hafliða bróður mínum. Þessi mynd er trúlega tekin sumarið 1975 (ég 11 ára). Þarna er ég ennþá ljóshærður en varð dökkhærður á aldrinum 11-12 ára.“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.





Íbúum Ísafjarðarbæjar fækk- aði um 19% á tveimur áratugum

Íbúum Ísafjarðarbæjar fækk-
aði um 19% frá árunum 1990-
2008. Íbúum þeirra sveitarfélaga
sem sameinuðust í Ísafjarðarbæ,
hefur fækkað úr 4894 árið 1990 í
3963 árið 2008 miðað við 1. des-
ember. Á sama tíma hefur íbúum
á landinu fjölgað um ríflega 22%.
Sé litið lengra aftur í tímann kem-
ur í ljós að Vestfirðingar voru
tæp 15% af mannfjölda landsins
árið 1915 en árið 1990 var þetta
hlutfall komið niður undir 4%.
Straumur fólks á 20. öldinni og
fyrstu ár þeirrar 21. legið frá
landsbyggðinni og á suðvestur-
hornið.

Mesta fækkunin á sveitarfé-
laginu var upp úr 1995 en heldur
hefur dregið úr fólksfjölgunum
síðustu ár ef undan er skilið árið

2007. Ýmsar skýringar hafa verið
settar fram til útskýringar þess-
arar þróunar og ber þar helst að
nefna mannskæð snjóflóð á árinu
1995 og miklar breytingar í und-
irstöðuáttvinnugrein svæðisins,
sjávarútvegi. Þó fólksfjölgun hafi
verið einstaka ár á þessu tímabili
var síðasta afgerandi tímabil
fólksfjölgunar um miðjan níunda
áratuginn. Í einstökum byggða-
kjörnum Ísafjarðarbæjar hefur
mest fólksfækkun orðið í Hnífs-
dal og Þingeyri en minni breyt-
ingar hafa orðið á Suðureyri og
Flateyri.

Ekki hafa verið umtalsverðar
breytingar á fjölskyldugerð í Ísa-
fjarðarbæ síðustu 10 ár. Fólki
sem er í sambúð eða hjónabandi
og með börn hefur þó fækkað.

Minni sveiflur eru hjá öðrum
hópum. Hafa verður í huga fólks-
fækkun síðustu 10 ára í sveitar-
félaginu.

Í Vaxtarsamningi Vestfjarða
er sett fram framtíðarsýn fyrir
Vestfirði sem gerir ráð fyrir að
íbúum á Vestfjörðum fjölgi ár-
lega á tímabilinu 2004-2020 um
0,5% eða 40 og að íbúafjöldinn

verði 8300 árið 2020. Í vaxtar-
samningi er framtíðarsýnin sú
að í sveitarfélaginu verði fjöl-
skylduvænt samfélag sem verður
eftirsótt vegna góðrar þjónustu,
möguleika til menntunar og nýt-
ingu frítíma, sem byggist á fjöl-
breyttu, og samkeppnishæfu at-
vinnulífi. Í spá Hagstofu Íslands
er gert ráð fyrir 1% fjölgun á ári

skipulagstímabilinu. Spáin á við
Ísland í heild sinni og er ekki gerð-
ur greinarmunur eftir svæðum.

Frá þessu er gert grein í grein-
argerð með drögum að aðalskipu-
lagi Ísafjarðarbæjar. Þar er gert
ráð fyrir lítilsháttar fólksfjölgun
árið 2010 en að fjölgunin muni
aukast eftir því sem líður á tíma-
bilið. – thelma@bb.is

Níu íþróttamenn tilnefndir

Níu íþróttamenn eru tilnefndir
til íþróttamanns Ísafjarðarbæjar
árið 2008 sem verður útnefndur
25. janúar kl 16 í Stjórnsluhúss-
ins á Ísafirði. Þeir sem eru til-
nefndir eru Anton Helgi Guð-
jónsson Golfklúbbi Ísafjarðar,
Birgir Björn Pétursson KFÍ,
Brynjólfur Örn Rúnarsson Herði,
Bylgja Dröfn Magnúsdóttir
Hestamannafélaginu Hendingu,
Emil Pálsson Boltafélagi Ísa-
fjarðar, Jón Guðni Pálmason

Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæj-
ar, Lovísa Anna Jóhannsdóttir
Hestamannafélaginu Stormi,
Ragney Líf Stefánsdóttir Ívari
og Sólveig Guðmunda Guð-
mundsdóttir Skíðafélagi Ísfirð-
inga.

Sundfélagið Vestra tilnefnir
ekki einstakling að þessu sinni
því þeir sem unnið hafa stærstu
afrek ársins 2008 hjá Vestra eru
undir 14 ára aldri sem er skilyrði
fyrir útnefningu. – birgir@bb.is



Nýuppgerð, góð 2ja herb. íbúð til sölu

Um er að ræða 77m², tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýli við
Urðarveg 78, byggt 1985. Miklar endurbætur hafa átt sér stað sl., ár. Ný-
lokið er við utanhússviðgerð og málun, skipt var um allt gler og að innan
er íbúðin nær öll endurgerð.

Í sameign er sameiginleg hjóla-, vagna- og þvottaherbergi. Panorama
útsýni er úr íbúðinni og af stórum svölum. Flest nauðsynleg ný húsgögn
og raftæki fylgja ef samið er strax.

Vinsamlegast sendið nánari upplýsingar og tölvupóstfang á netfangið h34@simnet.is
og við sendum jpg-myndir og nánari upplýsingar um hæð.

Sjónvarpútsendingar Símans hefjast á næstunni á Ísafirði

Ísfirðingar munu fá aðgang að fullri sjónvarpsþjónustu Símans á næstunni að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu. Að sögn Margrétar Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans er ekki hægt að gefa upp nákvæma dagsetningu á því hvenær þjónustan hefst en það verður á fyrsta fjórðungi þessa árs, þ.e. fyrir lok apríl. Flestar þær fjárfestingar sem fyrirhugaðar voru hjá Símanum koma til með að frestast um óákveðinn tíma sökum óvissu í gjaldeyrismálum í framvindu efnahagsmála. Engu að síður hefur Síminn ákveðið að ljúka uppbyggingu á Ísafirði, enda hefur mikil eftirspurn verður eftir þjónustunni þar. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur átt í viðræðum við Símann um framvindu verkefnisins.

Í kjölfarið mun Síminn meta út frá eftirspurn og efnahagsþróuninni hvernig framhaldið verður í öðrum bæjarfélögum. „Allar efnahagsþráir gefa til kynna að eftirspurn muni minnka á næstu misserum og því mikilvægt að veita og meta framhaldið á svæðinu þegar reynsla er komin á þjónustuna á Ísafirði en Síminn



Ísafjörður.

er ánægður með að geta farið í þessar framkvæmdir nú á fyrsta ársfjórðungi,” segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans.

Haldór Halldórsson, bæjarstjóri segir það koma engum á óvart að áætlanir, sem gerðar voru fyrir þá lægð sem nú ríkir í

efnahags- og atvinnulífi, hafi breyst. „Við fögnum því þar af leiðandi hægt sé að finna leiðir til að standa við áætlanir eins og unnt er og bjóða Ísfirðingum fullan aðgang að Sjónvarpi Símans. Ég lít svo á að fleiri byggðarlög muni njóta góðs af því að þetta

fyrsta skref skuli nú vera tekið,” segir Halldór.

Fyrirhugað var að full sjónvarpsþjónusta yrði einnig sett upp í Bolungarvík og á Patreksfirði á fyrsta ársfjórðungi, en ljóst er að af því verður ekki að sinni. Þegar að því kemur að

þjónustan hefst á Ísafirði geta Ísfirðingar horft á allar íslenskar sjónvarpsstöðvar og 60 erlendar. Einnig munu þeir hafa aðgang að bíói heima í stofu þar sem mögulegt er að leigja bíómyndir auk þess sem hægt er að horfa á mikið úrval efnis fyrir 0 kr.

smáar

Til leigu er 64m² einbýlishús í Hnífsdal. Leigist fram í júní. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist með því. Hægt er að semja um leigu fyrir allt tímabilið eða í styttri tíma. Upplýsingar gefur Erna í síma 869 4566.

Til sölu er einbýlishúsið að Seljalandsvegi 48. Húsið er 189m², fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, stórt þvottahús, eldhús, stofa og sjónvarps-hol auk bílskúrs. Uppl. í síma 866 0080 eða 863 1626.

Vantar herbergi til leigu. Helst með aðgangi að þvottahúsi, baðherbergi og eldhúsi. Uppl. í síma 867 2780 og 896 6195.

Vantar geymsluhúsnæði undir búslóð. Uppl. gefa Kristinn í síma 867 2780 og Jóna í síma 896 6195.

Óska eftir sturtuklefa. Skoða allar stærðir og gerðir. Uppl. í síma 897 0942.

Kvenfélagið Hvöt heldur sitt árlega þorablót laugardaginn 7. febrúar í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Miðapantanir hjá Gyðu í síma 456 3161, Stínu í síma 456 4380 eftir kl. 16:00.

Lítið einbýlishús til leigu í Hnífsdal. Uppl. í síma 849 4476.

Til sölu er VW Golf árg. 1999, ekinn 184 þús. km. Upplýsingar í síma 897 4283.



Birnustaðir í Laugardal í Ísafjarðardjúpi. Ljós: © Mats.

Krefjast greiðslu lögfræðikostnaðar og afrits af áliti lögmanns

Eigendur sumarhússins að Birnustöðum í Laugardal í Ísafjarðardjúpi krefjast þess í erindi til Súðavíkurhrepps að hreppurinn greiði útlagðan lögfræðikostnað eigenda sumarhússins sem til hefur fallið vegna útgefins byggingarleyfis vélageymslu á Birnustöðum. Jafnframt er óskað eftir að fá afrit af áliti Andra Árnasonar hdl., lögfræðings Súðavíkur-

urhrepps um sama mál. Varðandi kröfu eigenda sumarhússins á greiðslu útlagðs kostnaðar vísar sveitarstjórn í fyrri samþykkt sína vegna sama máls sem tekið var fyrir á 37. fundi er haldinn var 18. desember sl. Sveitarstjórn telur engar nýjar upplýsingar hafi komið fram í málinu sem breyti þeirri samþykkt sveitarstjórnar sem þar er gerð.

Varðandi beiðni um afrit af áliti Andra Árnasonar hdl., lögfræðings Súðavíkurhrepps um kröfu sömu aðila um greiðslu útlagðs kostnaðar telur sveitarstjórn gögnin undanþegin upplýsingaskyldu með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og hafnar því erindinu. Einnig hefur fengist umsögn um samskipti og af-

greiðslna Súðavíkurhrepps til Lögsýnar ehf. f.h. eigenda sumarhúss að Birnustöðum. Samgönguráðuneytið telur að tilkynningar sveitarstjórnar til málsaðila hafi verið í anda góðra stjórnsýsluhátta þannig að ekki hefði átt að fara á milli mála hvernig erindi hafi verið afgreidd.

– birgir@bb.is



Finnboði Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Atvinnuleysið á Vestfirðum hefur fimmfaldast á einu ári

Finnboði Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, hefur miklar áhyggjur af auknu atvinnuleysi í fjórðungnum. „Þó talað sé um að atvinnuleysi sé lægst á Vestfirðum miðað við annars á landinu verða menn að athuga að hér hefur atvinnuleysi fimmfaldast frá því á sama tíma í fyrra. Við erum að sjá töluna 82 á atvinnuleysissskrá sem var 16.-17. í janúar í fyrra.

Það er því gríðarleg fjölgun og 3-4 einstaklingar sem bætast við vikulega.“

Finnboði þakkar þó fyrir að ekki hefur þurft að grípa til fjöldauppsagna vegna efnahagskrisunnar. „Við höfum verið það lán-söm á Vestfirðum að ekki hafi komið til stóruppsagna í fjórðungnum. Ein hópuppsögn hefur verið vegna bankakrisunnar og því munu um 12 einstaklingar úr

því fyrirtæki bætast við tölu atvinnulausra um næstu mánaðamót, þannig að við Vestfirðingar sjáum brátt þriggja stafa tölu á atvinnuleysissskránni sem hefur ekki sést hér mjög lengi. Við höfum staðið frammi fyrir því að atvinnuleysið hefur flutt úr fjórðungnum þangað sem þenslan hefur verið. Nú er fólk frekar að flytja heim aftur en því miður getum við ekki boðið þeim þau

störf sem við gjarnan hefðum viljað.“

Finnboði segir að Vestfirðingar væru ef til vill að horfa á annað landslag ef tillögur Vestfirðaskýrslunnar hefðu gengið betur eftir. „Unnið var mjög gott starf við Vestfirðaskýrsluna en því miður hafa þeir sem áttu að efna loforðin sem þar voru gefin ekki staðið við sitt. Þar af leiðandi höfum við ekki séð nema brot af

þeim 85 störfum sem lofað var þrátt fyrir að komið sé vel á annað ár síðan skýrslan var kynnt fyrir Vestfirðingum.“

Þá vill Finnboði benda fólki á að kynna sér rétt sinn hjá stéttarfélagum enda hafi sjaldan, eða jafnvel aldrei, verið eins mikil þörf á því að þekkja réttindi sín. „Mikið magn af upplýsingum er á vef stéttarfélaga“, bendir Finnboði á. – *thelma@bb.is*

„Tófan veldur miklum skaða“

„Tófan er að útrýma öllu hér. Það sést enginn fugl lengur. Það er eins og maður sé í dauðum dal. Það er hvorki lóa, þröstur og ekki rjúpa,“ segir Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli í Ísafjarðardjúpi.



„Tófan er að útrýma öllu hér. Það sést enginn fugl lengur. Það er eins og maður sé í dauðum dal. Það er hvorki lóa, þröstur og ekki rjúpa,“ segir Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli í Ísafjarðardjúpi en hún segir það afar slæmt að ekki sé gert neitt til að halda tófunni í skefjum. Hún segist hafa reynt að tala við yfirvöld en ekkert hafi verið gert. Aðspurð hvernig búskapur á Laugabóli hefur gengið í vetur segir Ragna hann ekki hafa gengið nokkurn skapaðan hlut.

„Ég mjaðmabrotnaði fyrr í vetur og fór suður á Borgarholtsspítala og er nýkomin heim. Þetta tekur langan tíma að jafna sig,“ segir Ragna. Hún segist aðspurð lítast skelfilega á búskap í djúpinu næstu árin. „Þetta er allt að verða gamalt fólk og er ein og tvær manneskjur á hverjum bæ. Það er ekkert á að lítast, þetta er hörmung. Þetta er allt að fara í eyði,“ segir Ragna.

Hún segist ekki vita hvort hún haldi áfram búskap á Laugabóli á næstu árin en henni þætti ekki ljúft að fara frá bænum. „En það kemur nú að því hjá mér eins og hjá öðrum,“ segir Ragna. Hún er með rúmlega 140 kindur. „Og ekkert annað dýr nema hundinn og köttinn. Svo er maður hjá mér til að hjálpa mér að hugsa um fæð,“ segir Ragna. Það er annars mjög gott veður og lítill snjór á Laugabóli og er ekkert annað að gera en að bíða eftir vorinu að sögn Rögnu.

– *birgir@bb.is*

Viðfangsefni prest fjölbreyttari úti á

Séra Agnes M. Sigurðardóttir hefur verið sóknarprestur í Bolungarvík síðustu fjórtán árin eða frá 1994 og prófastur í nærfellt áratug. Þar fetar hún í spor föður síns, séra Sigurðar heitins Kristjánssonar sóknarprests á Ísafirði, sem á sínum tíma var prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi. Sr. Agnes varð prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi árið 1999 og tók þá við þeirri stöðu af séra Baldri Vilhelmssyni í Vatnsfirði við Djúp. Árið 2005 voru síðan Ísafjarðarprófastsdæmi og Barðastrandarprófastsdæmi sameinuð undir heitinu Vestfjarðarprófastsdæmi, sem spannar Ísafjarðarsýslur, Barðastrandarsýslur og tvær sóknir í Dalasýslu (Staðarhólssókn og Skarðssókn).

Allir vita að prestar messa, skíra börn, gefa saman hjón og syngja yfir látnum við útfarir. Mikið af starfi þeirra er samt unnið í kyrrþey og ekki fyrir opnum tjöldum. Það er sálgaeslustarfið meðal sóknarbarnanna. Og líklega vita ekki nærri allir hvað prófastur er og hvað hann gerir, þó að þeir kannist við titilinn. Hvað felst í starfi prófasts? Er það fyrst og fremst skrifborðsvinna, eða hvað?

„Prófastar eru stundum kallaðir augu og eyru biskups í héraðinu“, segir sr. Agnes. „Við vinnum sem undirmenn biskupsins í umdæmum okkar. Við erum ekki yfirmenn prestanna heldur má segja að við séum þar fremstir meðal jafningja. Já, hjá okkur er vissulega mikil vinna við skrifborðið að fylgja eftir lögum og reglum og fylgja eftir beiðnum frá Biskupsstofu og annað slíkt. Heima í héraði höfum við samband við prestana og sóknarnefndirnar og starfsfólk kirknanna eftir atvikum. Prófastsstarfinu fylgja því töluverð ferðalög. Árlega eru haldnir héraðsfundir sem prófastur boðar til og fer yfir stöðu mála frá síðasta fundi. Þar eru fengnar fréttir úr sóknunum og bornar saman bækur og kynntar nýjar reglur og ný lög. Jafnframt er þar oft einhver fræðsla um það hvað kirkjan hefur fram að færa og hvað kirkjan í héraði getur gert til að efla og bæta samfélagið.“

Séra Agnes vígðist til prests haustið 1981 og tók þá vígslu sem æskulýðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar, en lögum samkvæmt varð æskulýðsfulltrúinn að vera prestsvígð manneskja. Því starfi gegndi hún næstu fimm árin. Árið 1986 fluttist hún að Hvanneyri í Borgarfirði og var sóknarprestur þar í prestakallinu með fjórar sóknir næstu átta árin. Eftir það lá leiðin til Bolungarvíkur.

– Varðandi prestsstarfið þekkjast allir hinar föstu athafnir eins og skírnir, hjónavígslur og greftranir, fyrir utan almennar guðsþjónustur. En hlutverk og starf prestsins er miklu víðtækara þótt þau verkefni séu ekki eins áberandi ...

„Grunnþættir prestsstarfsins eru sálgaesla, boðun og fræðsla“, segir sr. Agnes. „Sálgaeslustarfið fer fram innan fjögurra veggja og berst ekki þaðan út, er ekki opinbert. Í þetta starf fer mjög mismikill tími. Það geta komið dagar þegar nánast allur dagurinn fer í slík mál og síðan koma dagar þegar ekkert slíkt kemur upp, eins og gengur. Þessi mál eru af margvíslegum toga. Hvað okkur prestana úti á landi varðar, þá eru hér færri fræðingar sem fólk getur leitað til en á suðvesturhorni landsins, þannig að við fáum kannski fjölþættari viðfangsefni og höfum heldur ekki eins mikla möguleika að vísa fólki annað. Ég get trúað því að sálgaesla af ýmsu tagi geti verið frá þriðjungu og upp í vel yfir helminginn af vinnunni okkar.“

Boðunin felst í predikunum sem krefjast undirbúnings og hann tekur sinn tíma.

„Við þurfum að lesa okkur til og fylgjast vel með því sem er að gerast í Þjóðfélaginu og í heiminum og koma því til skila hvernig trúin og guðfræðin taka á þessum málum. Við þurfum að tala til samtímans á grunni hinna eldgömlu sanninda kristinnar trúar, sem hafa fylgt mannkyninu í tvö þúsund ár.“

Fræðslan fer einnig fram í predikunum en ekki síður í fermingarfræðslunni og barnastarfinu. Sum árin hef ég verið með biblíulestra, sem eru líka fræðsla í leiðinni. Stundum flytur presturinn líka fræðsluerindi á fundum.“

– Varðandi sálgaesluna og slík viðfangsefni mætti e.t.v. fara almennum orðum án þess að binda það neitt sérstaklega við þinn núverandi söfnuð eða þitt hérað, heldur almenna reynslu þína frá því að þú vígðist til prests fyrir meira en aldarfjórðungi. Hvaða mál finnast þér erfiðust?

„Fjölskyldumál eru erfiðust. Þau eru viðkvæmust og sárust hjá fólki og þess vegna finnast mér þau erfiðust. Það getur verið erfitt við að fást þegar hlutirnir ganga ekki upp í fjölskyldum af einhverjum ástæðum. Það getur verið ósætti, það getur verið óregla, það getur verið ofbeldi. Það er svo margt sem getur komið upp í fjölskyldulífi.“

– Nú er talsverður munur bæði á helgisíðum og starfsháttum hjá kaþólsku kirkjunni og hinni lúthersku. Hjá kirkjudeildum lútherskra eru t.d. engir skriftastólar eins og hjá kaþólskum, en er einhver eðlismunur í því efni?

„Vissulega höfum við ekki beinlínis skriftastól í lúthersku kirkjunni, en við prestarnir hlustum auðvitað á sóknarbörnin rétt eins og hinir kaþólsku, þó að hjá okkur sé ekki neitt skilríúm á milli eins og við sjáum í bíómyndum. Það er í rauninni enginn eðlismunur á þessum samtölum. Í báðum tilvikum er presturinn fyrst og fremst hlustandi. Sálgaeslusamtöl bera mestan og bestan árangur þegar skjólstæðingurinn finnur sjálfur lausnina í samræðunum.“

„Þegar mjög erfið og vandasöm mál koma til kasta presta, vísa þeir þá fólki til einhverra sérfræðinga á öðrum sviðum?“

„Presturinn er ekki meðferðaraðili en við höfum lært ýmislegt í grunnnámi okkar í guðfræðideildinni og síðan áfram í kirkjunni, meðal annars gegnum handleiðslu og fleira. Við höfum lært nokkuð að gera okkur grein fyrir því hver grunnur vandamálsins er, hvort það muni vera t.d. af lækisfræðilegum toga eða sálfræðilegum, þannig að við getum þá vísað því áfram í hendur þeirra sem best eru til þess færir. Við reynum að gera okkur grein fyrir því hvort við prestarnir getum sjálfir hjálpað eða hvort við getum best hjálpað með því að vísa annað.“

Fyrir utan guðfræðinámið og reynslusjóðinn í starfinu getur persónuleg lífsreynsla presta að sjálfsögðu verið þeim dýrmætt vegarnesti í sálgaeslunni. Sr. Agnes segir að öll persónuleg reynsla gagnist í starfinu og auki skilninginn á líðan og reynslu annarra.

Þegar hún er spurð hverjar séu helstu fagnaðarstundir hennar í starfi, hennar bestu stundir, þá svarar hún:

„Þegar mér finnst ég hafa orðið að liði. Bestu stundir mínar í starfinu eru líklega þegar ég get komið því til leiðar að fólk sem ég er að vinna með finnur að trúin hjálpar, finnur að trúin gagnast í daglegu lífi.“

Sr. Agnes nefnir líka að stundum sé sagt að fólk sé ekkert

nema vaninn. „Það á við í trúmálum sem öðru. Fólk segir um: Ég fer mjög sjaldan í kirkju, hugsa oft um að fara en geri það svo yfirleitt ekki, en alltaf þegar ég kem, þá svo vel á eftir. Það eru margir jákvæðir í garð kirkjunnar þeir sitji ekki alltaf á bekk þegar messað er.“

Börn séra Agnesar M. Sigurðardóttur eru þrjú. Elsturður, 28 ára. Hann er kominn aftur heim til Íslands doktorsprófi í stærðfræði í Oxford. Margrét sem er 22 læra hagfræði og söng í Reykjavík. Baldur sem er tvö heima í Víkinni í vetur. Hann er stuðningsfulltrúi í Grænnum ásamt fleiru og hugsar hvert skal stefna í framtíð.

– hlyn

resta i á landi

við í trúmálum sem öðru. Fólk segir stund-
ldan í kirkju, hugsa oft um að fara í messu
itt ekki, en alltaf þegar ég kem, þá líður mér
ru margir jákvæðir í garð kirkjunnar þó að
á bekk þegar messað er.“

M. Sigurðardóttur eru þrjú. Elstur er Sig-
er kominn aftur heim til Íslands að loknu
fræði í Oxford. Margrét sem er 22 ára er að
ng í Reykjavík. Baldur sem er tvítugur er
ur. Hann er stuðningsfulltrúi í Grunnskól-
g hugsar hvert skal stefna í framtíðinni.

– hlynur@bb.is

– segir sr. Agnes M.
Sigurðardóttir, sókn-
arprestur í Bolungar-
vík og prófastur í Vest-
fjarðaprófastsdæmi



Bloggið

Hverju á að trúá?

Á nokkrum dögum hef ég séð umfjöllun fjögurra hagfræðinga um leið út úr kreppunni. Tveir eru íslenskir og tveir erlendir. Allir hafa þeir eitthvað til málanna að leggja. Athyglisverður er munur á skoðun þeirra í gjaldmiðilsmálum. Útlendingarnir tveir eiga það sameiginlegt að hafa varað við bankakreppu á Íslandi og fengið mikla gagnrýni fyrir. Nú, þegar þeir hafa reynst sannspáir, er leitað álits hjá þeim um framhaldið. Útlendingarnir tveir eru sammála um það að bíða með breytingar á gjaldmiðli. Vinna sig út úr kreppunni fyrst og huga að gjaldmiðilsbreytingu síðar. - - - Íslendingarnir tveir eru hvor á sínum endanum. Annar vill einhliða upptöku strax, hinn telur að breyting gæti orðið til tjóns en krónan sé vörnin í kreppunni. Hverju eiga svo þeir að trúá sem ekki hafa lögmál hagfræðinnar á takteinum? Miðað við þá þróun sem víða má sjá í Evrulöndum hallast ég að áliti þeirra erlendu.

Haraldur Hansson – Enginn er verri þótt hann vakni
<http://maeglika.blog.is/blog/maeglika/>



Draumur?

Á dögnum ræddi ég við sænskan blaðamann og einhvern indælasta ljóðaútgefanda Svía, Per Bergström, um íslenska menningu, Nýhil og fleira. Þar ræddum við m.a. bankasamkrull íslenskra listamanna í þaula – með áherslu á Nýhil – en ég nefndi m.a. áður nefnda bankaauðgýsingu með Sjón og svo fótboltauðgýsingu – una frægu, með Einari Kárasyni, Krumma í Mínus, Dóra DNA, Sigmundi Erni, Vidda í Trabant, Siv Friðleifs, Gísla Marteini og fleirum. Einhvern veginn ruglaðist það saman og Per sagði Sjón hafa verið í fótboltauðgýsingu, og birtust þær upplýsingar í viðtali við Andra Snæ. Sjón er snöggur til og leiðrétti þetta undireins – segist aldrei hafa þegið fjárstuðning frá einkabönkunum fyrir sína vinnu, annað en margir aðrir íslenskir listamenn og rithöfundar. Mér er engin fróun í því að ljúga upp á fólk – og spyr því: Var mig að dreyma þessa bankaauðgýsingu?

Eiríkur Örn Norðdahl – Fjallabaksleiðin
<http://www.norrdahl.org/>



Kosningar?

Nú hefur menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins lýst þeirri skoðun sinni að líklega þurfi að kjósa áður en þetta kjörtímabil renni út, það megi þó ekki gera fyrr en eftir 1. nóvember á þessu ári. Með því móti fá spillingaröflin allt of langan tíma til að klára að rústa samfélagið okkar – að mínu mati. Ég vil kosningar í vor. Þorgerður Katrín sagði annars að það væri rétt sem komið hefði fram að mörg mistök hefðu verið gerð við efnahagsstjórn Íslands, meðal annars það að tryggja ekki dreifða eignaraðild að bönkunum þegar þeir voru seldir. Því er ég sammála. Hún sagði líka að margt hefði verið rétt gert, eins og það að ná ríkissjóði hallalausum. Auðvitað er gott að vera skuldlaus en maður verður líka að hugsa um hvaðan peningarnir koma sem maður er að nota. Þetta er eins og að efnast á eiturlyfjasölu og hrósa sér svo af því að hafa notað hagnaðinn til að borga niður skuldir. Þeir fjármunir sem voru notaðir til að borga niður skuldir ríkissjóðs voru skatttekjur af viðskiptum sem svo eru búin að setja þjóðina á hausinn.

Jóna Benediktsdóttir
<http://jonaben.blog.is/blog/jonaben/>



Elsta berg landsins að finna á Vestfjörðum

Elsta berg sem fundist hefur á landinu er að finna á annesjum í Ísafjarðarbæ. „Ísafjarðarbær liggur utan virku gosbelta landsins. Þar er að finna berg sem er allt að 14-15 milljón ára gamalt basalt frá tertíer á ystu nesjum. Ekki hefur fundist eldra berg á landinu. Hraunlögum hallar inn að gosbelti landsins eins og glögg má sjá í fjallshlíðum á svæðinu“, segir í greinargerð að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin

2008-2020. Þar kemur einnig fram að finna má fornar megineldstöðvar sem hafa mótað landslag svæðisins með fjölbreyttum bergtegundum, berggöngum og bergstöndum. Landslagið einnig er hásléttum sem jöklar ísaldarinnar hafa grafið sig niður í og myndað firði og dali.

Firðirnir eru oftast mjóir og þröngir með háum og bröttum fjallshlíðum sem ganga víða í sjó fram. Hvilftir og berggangar

eru algengar í fjallshlíðum. Skriðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum. Litið er um móajarðveg nema helst á heiðum og undirlendi er frekar takmarkað. Á landsvæði norðan Djúps, Hornströndum, Jökulfjörðum og Snæfjallaströnd, eru tvær fornar megineldstöðvar er hafa mótað landslag á svæðinu með fjölbreytilegum bergtegundum, berggöngum og bergstöndum. – *thelma@bb.is*



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði

Langtímaskuldir nálægt 4 milljörðum

Heildarskuldir Ísafjarðarbæjar í erlendri mynt voru 1,1 milljarður króna miðað við gengi gjaldmiðla 31. desember 2008. Samkvæmt því er gengistap sveitarfélagsins um 480 milljónir króna á síðasta ári. Verðtryggt íslensk lán hjá Ísafjarðarbæ verða 2,9 milljarðar króna ef fjárhagsáætlun síðasta árs, þar sem gert var ráð fyrir 419 milljóna króna lántökum, stenst. Þá er verðbótahækkun þeirra lána um 420 milljónir króna.

Samkvæmt útreikningum blaðsins gætu langtímaskuldir Ísafjarðarbæjar verið orðnar tæpir fjórir milljarðar króna og gengistap og verðhækkun lána á árinu 2008 um 900 milljónir króna. Það er þó rétt að benda á að um áramót var gengið hátt og gera má ráð fyrir að gengisvísitalan fari niðurávið á árinu.



ÍSAFJARÐARBÆR

Erlend langtímalán
Ísafjarðarbæjar
skiptast þannig
á gjaldmiðla:

EUR: 5.455.955
USD: 452.516
JPY: 21.768.054
CHF: 278.150
GBP: 100.283
DKK: 151.914
SEK: 1.104.778
NOK: 340.220

Bolvíkingar greiða 38,71% skatt

Launþegar í Bolungarvík þurfa að greiða 38,71% skatt af sínum launum í staðinn fyrir 37,2% þegar kemur að uppgjöri álagningar fyrir árið 2009. Eins og greint hefur verið frá ákvað bæjarstjórn Bolungarvíkur á síðasta fundi fyrir áramót að leggja á 10% álagningu á hámarksútsvarsprósentu launþega með lögheimili í Bolungarvík fyrir tekjuárið 2009.

Leyfileg útsvarsprósenta var 13,28% og því er útsvarsprósenta árið 2009 í Bolungarvík 14,61%. Launþegar í Bolungarvík greiða því samþykkt aukaálag á útsvar eftir uppgjörsálagningu 1. ágúst 2010. Sem dæmi þarf sá launþegi sem hefur 3.000.000 krónur í tekjur fyrir árið 2009 að greiða 43.488 krónur í aukaálag.

Skattahlutfall í staðgreiðslu árið 2009 er 37,2% sem saman-

stendur af 24,1% tekjuskatti og meðaltalsútsvarsprósentu í landinu sem er 13,1%, aukaálagið er ekki sett inn í staðgreiðsluprósentuna heldur er þetta lagt á þegar uppgjör skatts fyrir árið 2009 á sér stað. Frá þessu var sagt á vef Bolungarvíkur en nánar upplýsingar um álagningu skatts er að finna á vefsíðu ríkisskattstjóra og hjá skattstofum. – *thelma@bb.is*



Hraunlögum hallar inn að gosbelti landsins eins og glöggt má sjá í fjallshlíðum á svæðinu segir í greinargerð með aðalskipulagsdrögum fyrir Ísafjarðarbæ.

Erfitt að fresta framkvæmdum sem vernda líf

Verið er að vinna í athugasemdum sem bástur vegna umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna ofan Holtahverfis á Ísafirði og að því loknu verður hún lögð fram fyrir Skipulagsstofnun. Engin athugasemd barst frá íbúum í Holtahverfi og að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartækni-fræðings Ísafjarðarbæjar, bástur ekki margar athugasemdir frá stofnunum. Óvíst er hvenær verkið verði boðið út en samkvæmt tillögu að framkvæmdinni er ráðgert að hefjast handa árið 2009.

Aðspurður segir Jóhann Birkir sér ekki vera kunnugt um að því verði frestað vegna efnahagsástandsins en um er að ræða samstarfsverkefni milli Ísafjarðarbæjar og Ofanflóðasjóds. „Það yrði frekar erfitt að fresta framkvæmdinni þar sem verið er að vernda líf“, bætir hann við. Heildarkostnaður við snjóflóðavarnirnar er áætlaður 810 milljónir króna miðað við verðlag í febrúar 2008. Ráðgert er að framkvæmdirnar standi yfir í 3-4 ár. Jarðvinnu við þvergarð ætti þó að geta verið lokið á einu ári. Framkvæmdirnar munu ekki hafa áhrif á íbúafjölda Holtahverfis, verði hins vegar ekki af byggingu snjóflóðavarna og þess í stað farið í að kaupa upp hús á hættusvæðum, mun íbúum fækka að því er fram kemur í frummatsskýrslunni. Atvinna mun aukast tímabundið meðan á uppbyggingu varnanna stendur. Ísafjarðarbær hefur



Holtahverfi.

nú auglýst eftir athugasemdum við væntanlegar framkvæmdir við snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis á Ísafirði. „Rýmingar hafa ekki verið algengar í Holtahverfi og íbúar gert lítið úr snjóflóðahættu. Hættan er engu að síður til staðar við vissar aðstæður, með þeirri óvissu og ótta sem því fylgir. Skoðanir manna hafa ávallt verið skiptar, þegar snjóflóðavarn-

ir hafa verið í undirbúningi. Eftir að uppbyggingu þeirra er lokið og einkum eftir að á þær hefur reynt hefur viðhorf til þeirra verið jákvæðara og íbúar talið sig búa við meira öryggi en áður“, segir í skýrslunni. Helstu þættir framkvæmdarinnar sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum eru sjónræns eðlis. Breytt ásjón landslags og raskað land-

svæði, sem þó hefur að hluta verið raskað áður. Til mótvægis þessu verður umhverfi varnargarðs skipulagt sem útivistar og leiksvæði og grætt upp með gróðri og trjám. Jákvæðu þættirnir við framkvæmdina er að hætta af snjóflóðum verður innan ásættanlegra marka og mun því öryggisfinning íbúa í Holtahverfi gagnvart snjóflóðum aukast.

Ný dönsk tekur upp í Tanknum

„Við ætlum að taka upp þar en upptökurnar eru partur af lengra ferli sem við erum að byrja á“, segir Björn Jörundur Friðbjörnsson, söngvari og bassaleikari í hljómsveitinni Ný dönsk, aðspurður um orðróm þess efnis að hljómsveitin ætli að taka upp í Tanknum í Önundarfirði í vetur.

„Það er ekki alveg rétt að hljómsveitin ætli að taka upp plötu heldur er um að ræða nokkur lög. Við ætlum að koma vestur og dvelja þar og halda tónleika. Hvenær það verður nákvæmlega kemur í ljós síðar og verður auglýst vel“, segir Björn Jörundur.

Setja Íslandsmet í jógaíðkun

Laugardaginn 24. janúar nk. er stefnt á Íslandsmet í jógaíðkun á Ísafirði. Það er Martha Ernstdóttir, jóga-kennari á Ísafirði sem stendur að atlögunni að Íslandsmetinu, í tilefni af alsherja jógaástandunardeginum í Bandaríkjunum, sem er sama dag.

„Ég starfa við að kenna jóga á Ísafirði og datt í hug að hafa jógaástandunardag á Ísafirði, sama dag og í Bandaríkjunum. Ég er búin að fá íþróttahúsið á Torfnesi og ég ætla að reyna að fá sem flesta til að mæta og stunda jóga og setja Íslandsmet í jógaíðkun“, segir Martha. Frítt er í íþróttahúsið fyrir þá sem vilja stunda jóga með Mörthu á jógaástandunardeginum og vonast hún til að sjá sem flesta.

Vestfirskra lamba- kjötið er langbest

– segir Sigurður Arnfjörð Helgason, verkefnastjóri hjá Háskólasetri Vestfjarða og hótélrekandi á Núpi í Dýrafirði, sem eitt sinn var villingur í skóla á Núpi

„Sagt var um Núpsskóla, að nemendurnir hefðu verið sambland af krökkum úr héraðinu og villingum úr Reykjavík. Það má segja að ég hafi tilheyrð báðum hópunum. Þegar ég var níu ára var ég þar meira sem sveitstrákurur í Hjarðardal. Síðan kem ég í áttunda bekkinn gamla, sem er niundi bekkur í dag, og það var út af því að ég var þá á nokkrum árum orðinn vandræðagæmsi í 101 Reykjavík. Og það er skemmt frá því að segja, að það er eins og það sé eitthvað við Núp. Ég náði mér aftur á strik í lærdómnum og róaðist eitthvað. Við getum sagt að það sé grunnurinn að langskólamenntun minni löngu síðar.“

Þetta segir Sigurður Arnfjörð Helgason, verkefnastjóri hjá Háskólasetri Vestfjarða, sem samhlíða því starfi tók í fyrravetur

við rekstri hótelsins á Núpi í Dýrafirði. Hann er því kominn „heim“ að Núpi á nýjan leik, þótt í gerólíku hlutverki sé.

„Ég skilgreini mig sem fyrstu kynslóð Vestfirðings sem fæddur er í 101 Reykjavík. Báðar ömmur mínar og annar afi minn eru að vestan og þar af leiðandi báðir mínir foreldrar. Móðir mín ólst upp til tólf ára aldurs á Patreksfirði. Faðir minn ólst upp fyrstu árin á Þingeyri. Ég var bara skynsamur að koma til baka!“

Sigurður er með A.Sc.-gráðu í hótélstjórnun frá César Ritz, B.Sc.-gráðu í stjórnun frá Coastal Carolina University og MBA-gráðu frá Webster University í St. Louis í Bandaríkjunum. Hann hóf störf við Háskólasetur Vestfjarða í september 2007. Sigurður er 42 ára að aldri og lærði ungur

þjóninn á Hótel Sögu. Löngu seinna settist hann á skólabeck á nýjan leik og hafði nýlengið langskólanámi sínu þegar hann réðst til starfa hjá Háskólasetrinu.

Tvöfaldur Sandari

– Af hverju Arnfjörð?

„Guðmundur langafi minn er fæddur og uppalinn í Lokinhömrum í Arnarfirði og þaðan er nafnið tekið. Soffía amma mín ólst þar upp í nokkur ár en fluttist mjög ung til Þingeyrar.“

Mér finnst gaman að nefna, að ömmur mínar voru vinkonur á Þingeyri á uppvaxtarárum sínum og þess vegna kynntust foreldrar mínir í höfuðstaðnum eftir að ömmur mínar fluttust með mönnum sínum á suðvesturhornið, önnur á Akranes og hin til

Reykjavík.

Ég á mjög mikið af ættingjum héra fyrir vestan. Ásamt því að vera ættaður frá Lokinhömrum er ég það sem kallað er tvöfaldur Sandari, og þykir víst nokkur heiður. Föðurættin er frá Hrauni á Ingjaldssandi og móðurættin frá Brekku á Ingjaldssandi.

Á æskuárum er maður nú ekki mikið að velja því fyrir sér hver sé hverra manna, en það vaknar með aldrinum. Það kom mér mjög á óvart hvað ég á mikið af skyldfólki héra út um allt, sérstaklega í Dýrafirði og þar í kring.

Brynjólfur langafi minn var bóndi á Brekku á Ingjaldssandi. Í útvarpinu í vetur var lesin frásögn af því þegar hann sótti lækni til Þingeyrar við annan mann og þótti mikil svaðilför. Þeir voru sólarhring í ferðinni og voru

nálægt því að verða úti á leiðinni. Þá var langamma mín að eignast sitt fyrsta barn. Í þessari ferð gekk Brynjólfur fram hjá Núpi í báðum leiðum og hefur eflaust gert það margoft á sinni ævi. Hann byggði húsið sem núna er verið að gera upp í Klukkulandi í Núpssdal í Dýrafirði. Ættarsaga mín er á annarri hverri þúfu.

Binna móðursystir mín var í mörg ár bóndakona, eins og það kallaðist hér áður, í Hjarðardal í Dýrafirði, og þar var ég sex sumur í sveit þegar ég var drengur.“

– Og þaðan færðu lömbin sem verða að steikum á borðum hótélsgesta á Núpi.

„Já, þar voru hæg heimátökin. Við Steini í Hjarðardal erum systrasynir. Hann hefur líka verið mér mjög hjálpsamur með að bjóða upp á veiðiferðir á gæs og fleira til að draga að ferðamenn. Og þegar ég nefndi við hann að fá að koma í heimsókn og velja mér kannski einhverja sauði í fjárhúsunum, þá var það meira en sjálfsagt.“

Í skólanum á Núpi

– Hvernig var á Núpi?

„Það var mjög gott að vera á Núpi. Fyrsta veturinn sem ég var þar var ég í barnaskólanum. Þá var kennari Svava Thoroddsen í Ytribæ, sem er einbýlishúsið fyrir neðan barnaskólann. Hún kenndi okkur börnunum í Mýrahreppi, en þann vetur var ég áfram hjá Binnu frænku minni í Hjarðardal eftir sumarvistina.“

Svava var mjög góður kennari. Ég var þá, níu ára gamall, búinn að vera í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, en ég tel mig hvergi hafa lært meira og betur en hjá Svövu.

Eftir að ég kom vestur í hitteðfyrri hitti ég við mismunandi tækifæri tvo af kennurum mínum á Núpi sem ég hafði ekki séð í 28 ár og kastaði á þá kveðju. Annar þeirra var Finnbogi Hermannsson, síðar fréttamaður, og hinn var Valdi á Mýrum í Dýrafirði. Þeir mundu báðir vel eftir mér,

Kvóti, siðleysi og sýndarmennska

Stakkur skrifar

Einar K. Guðfínsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur, líkt og hér var spáð, aukið þorskvótann um 30.000 tonn. Það er stefnumarkandi pólitísk ákvörðun og er talin geta fært þjóðarþúfinu auknar tekjur sem nemur 11 milljörðum íslenskra króna. Fyrir landsbyggðina hefur slík tekjuviðbót mikil áhrif, gangi hún eftir. Áður hefur verið varað við því að fiskisala til útlanda kunni að dragast saman. Því miður virðist ástandið ekki gott eins og er. Sala á þorski til Evrópu hefur dregist saman og óvitað enn hve lengi íbúar álfunnar draga við sig í neyslu gæðaborsks vegna bágs efnahagsástands.

Heimurinn er að fást við mikil fjárhagsvandráði. Alvarleg kreppa sem nú stendur hefur áhrif í sjávarbyggðum á Íslandi. Gæðafiskur af Íslandsmiðum selst verr ef kreppir að heimilum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Vonir um að auknar aflaheimildir færi okkur auknar tekjur gætu brugðist. En fleira kemur til. Um leið og Einar K. Guðfínsson sýnir ákveðinn pólitískan kjark með því að heimila auknar veiðar má ekki gleyma því að orðspor Íslands og Íslendinga erlendis hefur beðið hnekki við hrún bankanna. Það mun taka langan tíma að vinna traust aftur. Því lengra sem líður frá hrúni bankanna kemur æ betur í ljós fullkomið siðleysi þeirra sem þar réðu.

Enn verra er að gagnsleysi Fjármálaeftirlits hefur opinberast glögggt á sama tíma. Nánast verður því líkt við viljaleysi til að

takst á við viðfangsefnin þegar raunveruleg þörf var aðgerða. Nú er það of seint. Ríkisstjórn ber mikla ábyrgð að hafa ekki greint getuleysi þessarar stofnunar sinnar. En ábyrgð alþingis er ekki síðri. Ekki var fylgst með því að lög um stofnunina dygðu til þess sem ætlunin var. Um Seðlabankann mætti hafa mörg orð. Eftir stendur að sá rammi sem tekinn var upp fyrir harða baráttu þáverandi formanns Alþýðuflokks, Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra, skapaði grundvöll fyrir skelfilegustu aðgerðir einkaframtaksins á Íslandi.

Siðlausir bankamenn léku lausum hala meðan forseti lýðveldisins og ríkisstjórn upphófu þá sem útrásarmenn. Siðferði er þessum mönnum framandi ef marka má fréttir síðustu daga um kaup fjársýslumanns frá Katar, sem ekki lagði krónu til kaupa á 25 milljarða hlut í Kaupþingi, en skildi bankann eftir með 37,5 milljarða tap ef rétt er. Sami maður og stuðlaði að kaupunum, einn stærsti eigandi Kaupþings sáluga heimtar milljarða vegna gjaldeyrisskiptasamninga. Hve djúpt sökkva menn í skort siðferðis og hve langt ætla stjórnámálamenn að ganga til móts við siðleysingja sýndarmennskunnar?

Kvótaukning hefði lofað góðu við aðrar aðstæður, en hver eru viðbrögð erlendis þar sem fiskur selst illa nú? Batnar orðsporið? Vonandi verður Vestfirðingum og öðrum landsmönnum styrkur af þessari djarfmannlegu ákvörðun. Tíminn einn sker úr um það.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.



og þá runnu á mig tvær grímur. Ég held að einkum verði tvenns konar nemendur minnisstæðir kennurum: Annars vegar afburðanemendur og hins vegar mjög erfiðir nemendur. Ég er hálfhræddur um að ég hafi frekar verið í seinni floknum, en þeir báru mér samt ágætlega söguna. Þegar ég spurði Valda hvort hann myndi eftir mér vegna þess hvað ég hefði verið erfiður, þá færðist hann undan að svara.

Fimm ára tímabil

– Í fyllingu tímans lærðirðu svo til þjóns.

„Já, ég lærði þjóninn á Hótel Sögu og starfaði þar í rúm fimm

ár. Ég náði að útskrifa tvo nema í þjóninum. Sá fyrri var tengdamóðir mín fyrrverandi og sá seinni var félagi minn, sem náði þeim merka áfanga að verða Norðurlandameistari þjónanema í árlegri keppni sem haldin er fyrir nemendur í þjóninum og kokkinum frá öllum Norðurlöndum.

Þegar ég var að læra úti í Bandaríkjunum vann svo ég allt af með náminu sem þjónn á veitingastað til að framfleyta fjölskyldunni aðeins betur en með LÍN-lánunum einum.

Eftir að ég var á Sögu var ég sölustjóri til veitingahúsa hjá Ölgerðinni í rúm fimm ár. Svo var ég rúm fimm ár á veitinga-

stöðunum Sólun Ísland og Húsi málarans og Kaupféluginu í miðborg Reykjavíkur, átti og rak þessa staði með öðrum.

Það er eins og ævi mín skiptist stöðugt í fimm ára kafla. Eftir þetta fór ég til Bandaríkjanna og var þar í fimm ár. Og núna er í gildi fimm ára samningur um Núp í Dýrafirði. Fimm ár virðast vera minn tími og þá verði ég að snúa mér að einhverju allt öðru. Það verður bara að koma í ljós hvort ég sé núna búinn að róast nóg með aldrinum til að þetta gildi ekki lengur.

Sveitasæla á Núpi

„Ástæðan fyrir því að ég kom

hingað vestur var sú, að ég réð mig til Háskólaseturs Vestfjarða. Hugmyndin að hótélrekstrinum kviknaði í framhaldinu. Ég er í vetrarstarfi við Háskólasetrið en sumarstarfið mitt er á Núpi.

Ég tók hótelið á leigu á mínu nafni og stofnaði síðan eignarhaldsfélag sem heitir Sveitasæla. Félagið ber nafn með rentu. Síðan tók ég Guðmund bróður minn inn sem partner núna í haust. Hann var búinn að vinna sem kokkur á Friðriki V. á Akureyri í mörg ár. Hann lærði kokkinn á sama tíma og ég þjóninn á Hótel Sögu. Einnig sá hann um eldhúsið í Húsi málarans og Kaupféluginu, þannig að við bræður erum búnir að vinna saman í nokkuð mörg ár. Hann verður í reynd hótélstjóri á komandi sumri.“

Slátrað yrði á hverjum bæ

Nú eru ekki lengur nein sláturhús á Vestfjörðum. Og víst ekkert við því að gera út af reglugerðarfargani. Lömbin þarf að flytja á bílum úr Dýrafirði allt norður í Skagafjörð, skelfileg meðferð á blessuðum skepnum, og slátra þeim þar og flytja svo kjötið aftur vestur í Dýrafjörð.

Sigurður Arnfjörð hefur hugmyndir til úrbóta.

„Já, það er hugmynd fyrir hinar dreifðari byggðir, reyndar fengin frá Noregi, að útbúa fjörutíu feta gáma sem löggilt sláturhús. Þeir yrðu fluttir milli bæja og svo slátruðu menn bara sjálfir undir sama eftirliti dýralæknis og í öðrum sláturhúsum.

Þetta vildi ég sjá að hægt væri að gera herna fyrir vestan. Við erum að flytja úr fjórðungnum mikla vinnu og verðmætasköpun við slátrun og við að saga og vinna kjötið. Þetta mætti auð-

veldlega gera „beint frá býli“ enda eru bændur ekkert óvanir slátrun, þar sem þeir mega slátra einhverju heima fyrir sjálfa sig.

Úr því að þetta er hægt annars staðar á Norðurlöndum, þá ætti það auðvitað að vera hægt hér líka. Draumurinn er að fá löggildingu á kjötvinnsluna á Núpi, þar sem bændur gætu sjálfir unnið sitt kjöt og selt það beint í verslanir hvar sem er.“

Vestfirska lambið langbest

„Þetta sem gert er nú, að setja vestfirsku lambkjötið í einhverja landshít, þá erum við að setja langbesta kjötið með öðru mjög misgóðu kjöti, með annars fullri virðingu fyrir íslensku lambkjöti í heild sinni.

Eins og einn ágætur Vestfirðingur sagði við mig, þá ganga vestfirsku lömbin frá fjalli og niður í fjöru og lifa á öðrum og fjölbreyttari gróðri en víðast annars staðar. Þetta er ekki eins og grjótbörðu vegalömbin á Suðurlandi heldur vestfirsk villibráð.

Munurinn á vestfirsku lömbunum og flestum öðrum er líka sá, að hér fara þau um erfiðari fjöll og heiðar, þar sem víðast annars staðar eru þau að mestu á láglendi eða sléttlendi. Maður þekkir það, að í ræktinni byggist upp vöðvamassi, og ég vil meina að vöðvamassi í hlutfalli við fitu sé miklu meiri í vestfirsku lambkjöti en öðru. Það er ekki aðeins bragðbetra en annað kjöt, heldur er fituhlutfallið í fullkomnu jafnvægi og miklu betra en í öðru lambkjöti á Íslandi“, segir Sigurður Arnfjörð Helgason, hótélrekandi á Núpi í Dýrafirði og áhugamaður um hráefni úr heimabyggð.

– Hlynur Þór Magnússon.



Heildarskuldir Bolungarvíkur 1,2 milljarðar

Heildarskuldir og skuldbindingar Bolungarvíkurkaupstaðar námu 960 milljónum króna í árslok 2007 en Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, sagði í samtali við Viðskiptablaðið að gera megi ráð fyrir að þær hafi ekki verið undir 1,250 milljónum um síðustu áramót og heildartekjur verði nálægt 600 milljónum.

Bæjarins besta spurði Elías hvornig þessar skuldir skiptust

og sagði hann 85% af skuldunum vera langtímaskuldir og skuldbindingar eða 1.062 milljónir. 14% skammtímaskuldir eða 175 milljónir og 1% erlendrar skuldir eða 12,5 milljónir. Hann tekur þó fram að tölurnar séu miðaðar við ársreikning 2007 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2008, en ekki liggja fyrir endanlegar tölur í árslok 2008.

– birgir@bb.is



Einar Hreinsson og báturinn.



Einar Þarf að hita vélina með gaslampa í klukkutíma áður en hún er keyrð.



Wachman-vélin.

Ætlar í pílgrímsferð til Aðalvíkur

Einar Hreinsson, starfsmaður Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði, byggir bát í hjáverkum í bílskúrnum heima hjá sér á Ísafirði. Báturinn er tæpir sex metrar á lengdina og faðmur á breiddina. Er báturinn aðallega byggður utan um tæplega hundrað ára gamla Wachman-vél sem afi hans átti. Hann notar vatnsheldan krossvið í bátinn og segir hönnun bátsins vera hugarburð sinn. Hann sveigir viðinn með þvingum og segir ekkert mál að sveigja þær og taki ekki of langan tíma. Hann segist hafa lesið bréf frá norskum skipstjórum sem keyptu Wachman vélar á sínum tíma og þá hafa þær náð sex til sjö

milum.

Hann er annars ekki viss hvað hversu hratt báturinn á eftir að ganga en var sagt að vélin kæmist á sama hraða og þegar fjórir menn róu. Hann á eftir að byggja vélarhús utan um vélina og sæti fyrir fólkið. Aðspurður hvort það verði góð aðstaða fyrir dömur í bátnum segir hann þær fara líklegast ekki með í honum. Hann segist gera ráð fyrir að hægt verði að róa bátnum og hann ætlar líka að hafa segl á honum til öryggis. Vélin er töluvert lengi í gang að sögn Einars og þarf að hita hana í klukkutíma með gaslampa áður en hún er keyrð. Hann segist vonast til að sjósetja bátinn að vori en það hafi verið takmark hjá honum síðustu vor en hafi ekki gengið eftir en hann hóf smíði bátsins milli jóla og nýárs 2005. Hann ætlar sér að sigla á bátnum til Aðalvíkur og verður sú ferð hálfgerð pílgrímsför.

– birgir@bb.is



Á þriðja tug friðaðra húsa í Ísafjarðarbæ

Tuttugu og fjögur hús eru friðuð í Ísafjarðarbæ auk þess sem u.þ.b. 55 hús verða 100 ára á skipulagstímabilinu og teljast þar með til fornleifa. Í frumvarpi að lögum um

menningarminjar er gert ráð fyrir að öll mannvirki sem byggð voru fyrir 1900 verði friðuð. Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja aðalskipulag Ísafjarðarbæjar í sessi sökum þeirrar stefnu sem mörkuð er í drögum að aðalskipulagi fyrir árin 2008-2020.

„Fornleifar og aðrar búsetuminjar geyma upplýsingar um sögu og menningu svæðisins, einkum, búskaparhætti, byggingarlag og lífnáðarhætti fyrri tíma. Á norðanverður Vestfjörðum er tækifæri til

að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þést, auk þess sem stórt svæði er einangrað, þ.e. án vegtengingar við önnur svæði og þannig hafa verðmætin varðveist“, segir í greinargerð með drögnum.

Öll hús sem eru reist fyrir 1850 eru friðuð svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918 samkvæmt lögum. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleidd sem hefur menningarsögulegt gildi. Eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 er einn-

ig skylt að leita álits hjá húsa-friðunarnefnd. Samkvæmt lögnum má friða mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Auk þess getur menntamálaráðherra ákveðið að friða mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sömuleiðis getur hann ákveðið brottfella friðun.

Í drögum að aðalskipulaginu er stefnt að því að vernda skal búsetuminjar, m.a. fyrir skógrækt, ágangi búfjár, landbroti vegna ágangs sjávar og öðrum framkvæmdum, að kerfisbundin skráning verður gerð á fornleifum í Ísafjarðarbæ þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra í frekari skipulagi og aðibúar og gestir geti notið menningu og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins.

– thelma@bb.is



Búið að skrá 12% af minjastöðum

Í Ísafjarðarbæ eru skráðar 22 friðlýstar fornminjar samkvæmt friðlýsingaskrá. Að því er fram kemur í drögum að greinargerð með aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020 voru 165 bæir á skipulagssvæðinu á 19. öld. Sé reiknað með 20 minja-

stöðum á jörð að meðaltali, má búast við að í Ísafjarðarbæ séu samtals um 3300 minjastaðir. Búið er að skrá 278 minjastaði, eða eingöngu 12% af öllum minjastöðum í sveitarfélaginu.

Minjar sem eru eldri en 100 ára eru að jafnaði taldar til forn-

leifa og eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum. Sumar fornleifar eru jafnframt friðlýstar sérstaklega, einnig er hægt að friðlýsa yngri minjar skv. 9. grein þjóðminjalaga 107/2001. Rétt er að hafa í huga að margar minjar nálgast 100 ára aldur og því mun

fornleifum fjölga hratt á næstu árum miðað við núgildandi lög. Í 11. grein þjóðminjalaga segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess.

– thelma@bb.is

Símaverið flytur

Símaver Glitnis á Ísafirði verður flutt úr Neista yfir í húsnæði Glitnis í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði. Verður símaverið staðsett þar sem Síminn var áður með aðsetur í húsinu.

Ekki er komin nákvæm dagsetning á flutningana að sögn Hallgríms Magnúasar Sigurjónssonar, útibússtjóra Glitnis á Ísafirði, en hann segir ástæðuna vera að ódýrara sé að vera með starfsemi fyrirtækisins í húsnæði í eigu bankans heldur en í leigu út í bæ. Átta manns starfa við símaverið en níu manns starfa við útibúið.

Fimmtán hjónavígslur á síðasta ári

Fimmtán hjónavígslur voru í Ísafjarðarprestakalli á síðasta ári og af þeim voru níu í Ísafjarðarkirkju. Að sögn sr. Magnúasar Erlingssonar, sóknarprests á Ísafirði, voru þrjár vígslur í nágrannakirkjunum og ein í Neðstakaupstaðnum á Ísafirði. Hann segir ekki margar hjónavígslur vera skráðar í Ísafjarðarprestakalli á þessu ári.

„Það er ekki fyrir en fer að draga nær sumri að bókunum fer að fjölga. Það er ekki bókað hjá okkur með miklum fyrirvara. Það er einstaka sinnum sem eru tvær giftingar sama laugardaginn að sumri til. Fólk getur því hringt þegar það vill og við bókum. Það er ekki nema fólk sé með ákveðinn klukkutíma á ákveðnum degi í huga, þá er ágætt að taka það frá,“ segir sr. Magnús.

Nýr vegur eykur ekki aðsókn

„Nei því miður þá er það ekki að gerast,“ segir Gunnar Linberg Sigurjónsson, staðarhaldari að Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi, aðspurður hvort aðsókn að hótelinu í Reykjanesi hafi aukist eftir að nýr vegur um nesið var tekinn í notkun.

Hann segist þó vongóður um að aðsóknin aukist næsta sumar þegar Mjóafjarðarbrú verður tekin í notkun.



Keppa fyrir Íslands hönd

Skiðafélag Ísafjarðar mun eiga þrjá af tíu fulltrúum Íslands á Ólympíudögum æskunnar sem fram fara í Póllandi dagana 14.-21. febrúar. Rannveig Jónsdóttir og Silja Rán Guðmundsdóttir keppa í skíðagöngu og Ólafur Njáll Jakobsson í alpagreinum. Stúlkurnar eru einu fulltrúar Íslands á gönguskiðum en Ólafur Njáll keppir ásamt bestu svigskíðamönnum landsins í þessum aldursflokki.

Bæjarins besta spjallaði við krakkana um þátttöku á þessum vetrarleikum Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar.

– Eruð þið spennt?

„Já og svolítið stressuð. Maður finnur það að maður er mun stressaðri fyrir þetta heldur en þau mót sem maður hefur tekið þátt í hér heima á Íslandi“, segir Rannveig.

„Þarna er keppt í öllum vetraríþróttunum, ekki bara á skíðum. T.d. er keppt í listdansi á skautum, curling (krullu) og bara öllu. Þetta eru vetrarólympíuleikar fyrir unglina“, segir Ólafur Njáll.

– Nú eru tíu að keppa frá Íslandi,

þekkið þið hina krakkana?

„Já, þau eru öll að keppa á svigskíðum eins og ég. Svo ég hef oft áður keppt með þeim. Valdir voru þeir fjórir bestu af strákum og stelpum á FIS-lista þeirra sem fæddir eru '92-93“, segir Ólafur en stúlkurnar eru hins vegar þær einu sem keppa á gönguskiðum.

„Ég og Rannveig vorum valdar í unglingshóp af Skíðasambandinu í sumar og við vorum þær einu sem voru á réttum aldri til þess að geta tekið þátt í Ólympíudögunum“, segir Silja.

– Eru stífar æfingar fram að móti?

„Nei, ekki getum við sagt það. Maður má ekki ofþjálfa sig. Við höldum bara áfram á æfingum eins og vanalega og bætum svo kannski einhverju við þær“, segir Rannveig.

„Það yrði erfitt fyrir mig að fá séræfingar þar sem ég æfi í 20 manna hópi. En maður reynir að æfa sig eitthvað sjálfur með hinum æfingunum“, segir Ólafur Njáll.

– Hafið þið farið áður út að keppa?

„Já við kepptum í Noregi fyrir nokkrum árum“, segir Rannveig.

„Ég hef nokkrum sinnum keppt í Noregi“, segir Silja.

„Ég hef aldrei keppt en hef farið í æfingaferðir til Geilo í Noregi og Austurríkis.“

„Það verður því gaman að fara til Póllands og fá að sjá það. Sérstaklega af því að landið er ekki líklegt að verða fyrir valinu þegar maður er að fara í önnur ferðalög“, segir Silja.

Draumurinn hennar mömmu

– Hvað hafið þið æft skíði lengi?

„Ég hef æft í tíu ár.“

Allan tímann á gönguskiðum en ég var eitthvað á svigskíðum með þegar ég var lítil“, segir Silja.

„Ég hef æft í átta ár og alltaf verið á gönguskiðum“, segir Rannveig.

Mig minnir að ég hafi byrjað 6-7 ára að æfa eða bara um leið og ég hafði aldur til. Ég byrjaði að læra á skíði nokkurra mánaða gamall með mömmu, það var draumurinn hennar mömmu að ég yrði skíðamaður“, segir Ólafur Njáll.

„Það er einmitt það góða við þessa íþrótt. Maður getur verið í henni alla ævi. Allt frá því að maður er lítið barn og þar til maður verður gamall“, segir Rannveig.

„Já það er helling af gömlum körlum alltaf á skíðum hérna. Ég ætla að stunda skíði eins lengi og ég get“, segir Silja.

„Ég stefni að því að komast eins langt og ég kemst í íþróttinni. Ég stefni á að komast í FIS-liðið innan fjögurra ára en það er næsta fyrir neðan landsliðið“, segir Ólafur Njáll.

– Finnst ykkur vera mikil skíðamenning á Ísafirði?

„Já ég myndi segja það. Frá því að ég byrjaði að æfa hefur verið góður hópur sem fylgdist að en þennan vetur eru margir í útlöndum. En það eru alltaf einhverjir nýir að bætast inn, sérstaklega hjá yngri krökkunum“, segir Silja.

Að lokum vilja Silja og Rannveig koma á framfæri þakklæti til þeirra sem styrkja þær til ferðarinnar. „Við fengum að vita þetta í nóvember og höfum verið að vinna í þessu síðan þá. Okkur hefur verið mjög vel tekið og við erum mjög þakklátar fyrir það.“

„Ég fékk að vita þetta í janúar en hef þegar fengið styrki og er afar þakklátur fyrir það. Ferlið til að öðlast þátttökurétt á Ólympíudagana er mun lengra hjá svigskíðamönnum. Við þurfum að fara eftir alþjóðlegum punktum og því þurftum við að taka þátt í mótum til að vinna okkur þá inn“, segir Ólafur Njáll. Bæjarins besta óskar þeim góðs gengis og mun fylgjast með gengi þeirra á vetrarleikumunum.

– thelma@bb.is



Ólafur Njáll, Silja Rán og Rannveig skíðakrakkar.

Parftu að láta breyta þér í Símaskránni 2009?

Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2009 fer senn að ljúka.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þins hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á ja.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.
Skráningu lýkur 31. janúar 2009.

já -er svarið

Þú ert ekkert númer ef þú ert ekki í Símaskránni.



Líf still

Ísljós

eftir Dagnýju Prastardóttur

Dagný Prastardóttir listakona og hönnuður á Ísafirði hefur sótt ýmis námskeið og stundað nám í glerbræðslu og glerlist bæði hérlendis og erlendis, m.a. í Edinburgh College of Art, Design and Applied Arts. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði heima og erlendis. Verk hennar eru víða til sölu í galleríum.

Þannig segir Dagný frá Ísljósi og hvernig það varð til (fæðingin var löng og erfið):

Ísljós er í þremur stærðum. Það stærsta er um 100 cm, miðstærðin tæplega 50 cm og sú minnsta um 30 cm. Nafnið kemur eiginlega af sjálfu sér því kúpullinn er eins og grýlukerti í laginu. Birtan frá því er hálfhrímuð en liturinn sem endurkastast úr glerinu á vegginn er daufbleikgrænleitur geisli. Snúin peran myndar þennan geisla sem lýsir fallega upp vegginn.

Sigga stóra systir var með verslun. Hún bað mig um að hanna og búa til eitthvað sem hún gæti sett hálsfestar á til sýningar í búðinni, sem ég og gerði. Lagið á þessu var hálfhringur að neðan sem endaði í strýtu að ofan. En þetta var ansi óstöðugt svo ég gerði súlu undir þetta með botni og millibakka, ætlaði svo að líma



Grunnurinn var kominn en þá var eftir að finna út úr stærsta vandamálinu – hvernig á þetta að hanga á veggnum? Ég fékk Konna í Pólnum til liðs við mig, okkur tókst að hanna brakket fyrir perustæðið og koma fyrir á því krækjum sem er komið fyrir á kúplinum. Mér finnst það með ólíkindum að það skuli alltaf þurfa að finna upp hjólið! Það

Hönnun mín

þessa trapisu ofan á og síðan myndi hún raða fallegum hálsmenum á þetta. En, nei! Þetta var orðið ógurleg súla sem var ekki mjög meðfærileg, öll úr gleri. Ég horfði á þessa hluti uppræðaða og óstöðuga í nokkurn tíma, fékk svo pabba til aðstoðar og hann smíðaði fyrir mig uppistöðu með ljósafatningum í. Ég boraði á ýmsum stöðum og úr varð þessi svakalega ljósasúla, engum til gagns, en birtan var falleg. Eftir nokkurra mánaða þælingar tók ég trapisuna og sneri henni við og mátaði hana á vegg. Þetta kom vel út og þá fór hönnunin á veggljósunum í gang.

þyrfti að vera til vandamálbanki þar sem lausnum er safnað saman og síðan bara selt úr honum.

Enn var eitt eftir og það var að hanna fallega ró framan á festinguna sem sést utan á ljósinu. Það eina sem var til í búðum er með kúlu og skiptilyklaútfærslu. Það var sama sagan þar, hún er líka gerð hér í heimabyggð af Steingrími í Rennex.


Svo þarf að fá CE-merkingu á ljós. Í það verkefni voru allir betri tæknikallar í ættinni fengnir til skrafs og ráðagerða, lögín lesin fram og aftur og á endanum fékk ég Konna til að klára dæmið.

– hlynur@bb.is



Dagný Prastardóttir.

Hafir þú ábendingu um einstaklinga sem eru að hanna skemmtilega hluti eða annað efni í lífsstílsopnuna, hafðu þá samband í síma 456 4560 eða á netfanginu frettir@bb.is.



Ekki enn kominn með tappa í eyrun.

Golfarar brátt með eyrnartappa?

Breskir vísindamenn vara við því, að smellurinn þegar golfbolti er sleginn geti skaðað heyrnina. Einkum eru nýjustu ofurlétu titankylfurnar skaðvænlegar í þessu efni. Hálfsextugur golfleikari fór til lækis og kvartaði um tinnitus (stöðugt suð fyrir eyrum) og heyrnarskerðingu. Maðurinn var sendur til rannsóknar á háskólasjúkrahúsinu í Norwich og þar varð niðurstaðan sú, að nýja golfkylfan sem hann var farinn að nota væri orsök. Maðurinn var þá búinn að spila golfþrisvar í viku í hálf tveimur árum með finu titankylfunni sinni. Hvellurinn við höggið með slíkri kylfu er eins og skothvellur.

Greint er frá niðurstöðum samanburðarrannsóknar á ólíkum golfkylfum í nýjasta hefti fagtímaritsins British Medical Journal (desember 2008). Þær niðurstöður taka af öll tvímæli: Venjulegar kylfur úr stáli eru hljóðlátari en titankylfurnar mjóu, en hljóðið af höggi með þeim mældist frá 112 og upp í 120 desibel. Læknarnir sem rannsóknina gerðu segja þetta valda hættu á tímabundnum eða varanlegum skaða í innra eyra og leggja til, að golfleik-

Tækni og vísindi

arar verji heyrnina t.d. með eyrnatöppum. Stjórnandi rannsóknarinnar, sem sjálfur er forfallinn golfleikari, viðurkennir hins vegar, að eitt kikkið í golfinu sé einmitt smellurinn þegar kúlan er slegin.

Kannski fáum við að sjá Tiger Woods með eyrnatappa eða jafnvel heyrnarskjól eins og gröfumaður þegar hann kemur til leiks á ný. Minni þörf er samt á slíkum ráðstöfunum þegar slegið er úr sandglompu og kannski er bara heilsusamlegast að lenda sem oftast í þeim.



Svona golf er heilsusamlegt fyrir heyrnina.

Ýsa með kókos og karrý og eplakaka

Sælkerinn býður upp á tvo rétti í þessari viku. Fyrri rétturinn, ýsa með kókos og karrý segir Ragnheiður að sé meiri hvunn-dagsmat en heitu eplakökuna gæðir fjölskyldan sér á þegar hún vill fá sér eitthvað reglulega gott og er meira svona spari.

Ýsa með kókos og karrý

1 bolli hveiti
1 egg
4 msk kókosmjöl
1-2 tsk karrý
1 tsk timjan
Salt og pipar

Setjið öll hráefnin saman í skál

Sælkerinn

og hrærið. Þynnið með mjólk þar til þetta verður eins og þykk súrmjólk. Skerið niður ca 4 ýsuflok og setjið í blönduna. Gott að láta standa aðeins. Steikið á pönnu og berið fram með hris-grjónum, kartöflum, karrýsósu og salati eða því sem til er.

Heit eplakaka

4 epli
100 g suðusúkkulaði

100 g marsipan
Allt skorið í litla bita og sett í eldfast mót

1 bolli hveiti
1 bolli sykur
1 egg
1 tsk lyftuoft

Hrært saman og mulið yfir eplablönduna. ½ bolli kókosmjöl og ½ tsk kanil blandað saman og sett yfir allt saman. Bakið þar til



Sælkeri vikunnar er Ragnheiður Halldórsdóttir á Ísafirði.

Þetta er tilbúið. Berið fram með ís eða rjóma. Þessi réttur er ekkert bundin við uppskriftina, líka er gott að setja dödlur og meira

súkkulaði.

Ég skora á Guðmundínu Sturlu-dóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

Streitulosandi og skemmtileg leið til að halda sér í formi

Harpa Grímsdóttir er þjálfari og félagi í blakfélaginu Skelli í Ísafjarðarbæ. Svo lengi sem elstu konur muna hefur óformlegur hópur kvenna spilað blak á Ísafirði. Árið 1993 var síðan farið á fyrsta öldungamótið sem þá var haldið í Reykjavík og síðan á öll öldungamót árin þar á eftir og bættust fleiri mót við í kjölfarið. Þá hélt Blakfélagið Skellur Öldungamót Blaksambands Íslands síðasta vor sem er stærsta íþróttamót sem haldið hefur verið á Vestfjörðum.

– Hvenær byrjaðir þú í íþróttinni?

„Ég byrjaði þegar ég var 13 ára. Ég er fædd og uppalin í Neskaupstað sem er mikill blakbær. Pabbi minn er annar tveggja sem komu blakinu af stað á sínum tíma og héldu utan um það fyrstu árin. Á þessum árum var ekki búið að finna upp „krakkablakið“ sem er útgáfa af blaki búin til fyrir börn. Þá var ekki talið mögulegt að kenna ungum börnum blak vegna þess hversu tæknilega erfið íþróttin er.“

– Hvað er það við íþróttina sem hrífur þig?

„Blak er mjög tæknileg íþrótt, og ekki hægt að spila hana almenninglega fyrr en maður hefur náð grunnþökum á tækninni. Eitt af því sem mér finnst skemmtilegt við blakið er að þar er samvinna innan liðsins bráðnaðsynleg - hver snerting tekur sekúndubrot og ekki má koma við boltann tvisvar í röð. Því verður leikurinn hraður og allir þurfa að vera á tánum allan tímann. Ég hef gaman af að stunda íþróttir sem fela í sér leik og keppni. Ætli maður ná ekki að varðveita smá hluta af barninu í sér þannig.“

– Hversu oft þarftu að æfa á

viku?

„Ég æfi þrisvar sinnum í viku.“

– Hvað er það sem drífur þig á æfingar þegar dagarnir koma þar sem maður vill bara slappa af?

„Fyrir utan það að ég er þjálfari og þarf að mæta, þá veit ég að sama hversu þreytt eða illa upplögð ég er þá hverfur það eins og dögg fyrir sólu þegar ég er mætt á æfinguna. Í íþróttahúsinu eiga æfingarnar og spilið hug minn allan, og þetta er besta leiðin sem ég þekki til að kasta af mér öllum áhyggjum sem fylgja vinnu og daglegu lífi og spá bara í að leysa tæknifingar, hamast í þrekæfingum eða vinna andstæðinginn í spili. Fyrir mér er blakið því mjög streitulosandi og svo er félagsskapurinn er frábær. Mér finnst líka mjög gott að hreyfa mig ein, t.d. ganga, synda eða fara á gönguskiði. En þá er hugurinn á fullu allan tímann og ég er gjarnan að skipuleggja vinnuna eða eitthvað þess háttar.“

– Hvert er næsta markmið í íþróttinni?

„Fyrst og fremst erum við að þessu til að hafa gaman af og í blakinu eru bæði konur og karlar á öllum aldri og bæði byrjendur og lengra komnir. En eitt af því sem er skemmtilegt við þetta er að stefna á mót og reyna að bæta sig. Við förum með bæði karla- og kvennalið á mót í Mosfellsbæ í lok janúar. Markmiðið er að vera með lið sem geta spilað skemmtilegt blak þar og náð hörkuleikjum. Síðan er kvennaliðið að fara að spila á tveimur mótum í 3. deild íslandsmótsins í febrúar og mars. Öldungamótið í vor er svo hápunktur leiktíðarinnar. Það verður að þessu sinni haldið á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Markmiðið er að fara

með sem flest lið þangað og að einhver lið vinni sig upp um deild.“

– En hvert er draumamarkmiðið?

„Að efla blaklífið á norðanverðum Vestfjörðum. Nú hefur verið farið í gang með krakkablak á þremur stöðum og þar eru aldeilis margir efnilegir blakarar á ferðinni. Markmiðið er samt ekki bara að byggja upp afreksfólk heldur líka að auka fjölbreytni í framboði á íþróttaiðkun, sem er sérstaklega mikilvægt á minni stöðunum, og að ná inn krökkum sem ekki hafa fundið sig í öðrum íþróttgreinum. Ég neita því samt ekki að það væri gaman að sjá hérna öflug unglíngalið á næstu árum.“

Persónulega er draumamarkmiðið að geta spilað blak og haft gaman af fram eftir aldri, og helst að halda áfram að bæta mig. Hópiþróttir eru ekki bara fyrir börn og ungt fólk heldur er þetta skemmtileg leið til að halda sér í formi fram eftir aldri.“

– Ertu í einhverjum öðrum íþróttum?

„Ég æfi ekki aðrar íþróttgreinar á sama hátt og blakið. Ég fer hins vegar á gönguskiði eða svígskiði eins oft og ég get - frábært fjölskyldusport. Ég og maðurinn minn höfum líka spilað badminton einu sinni í viku í nokkur ár, en höfum reyndar ekki gert það í vetur. Það er ofboðslega skemmtileg íþrótt - helsta vandamálið er keppnisskapið - það þarf að líða smá tími eftir að ég tapa fyrir eiginmanninum þangað til ég get farið að tala við hann aftur.“

– thelma@bb.is

Harpa Grímsdóttir.





Þú þarft ekki
heppni
til að vinna!

Það er sannkallað lán að búa á Vestfirðum. Þó er ekki sannað að Vestfirðingar séu heppnari en aðrir. Það skiptir heldur engu máli. Vinningslíkurnar í Happpdrætti Háskólans eru ótrúlega miklar, jafnvel seinheppnasta fólk getur unnið! Vinningshlutfall er 70% sem þýðir að 70% af tekjum fer beint til miðaeigenda aftur í formi vinninga.

Þú getur tryggt þér miða hjá næsta umboðsmanni, á www.hhi.is eða með því að hringja í 800 6611.

HAPPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

75 ára
milljónir
á einni miðu